

REGLUGERÐ

um gagnasöfnun og upplýsingagjöf stofnana vegna bókhalds Íslands yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi fjallar um gagnasöfnun og upplýsingagjöf stofnana vegna bókhalds yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á því sviði.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

Binding kolefnis úr andrúmslofti: Binding frumefnisins kolefnis (C) úr andrúmslofti með ljóstillífun, svo sem með skógrækt og landgræðslu.

Gróðurhúsalofttegundir: Lofttegundir sem tilgreindar eru í viðauka I við reglugerð ESB nr. 525/2013 sem birt er í viðauka við reglugerð þessa.

Kýótó-bókunin (Kyoto Protocol to the United Nations Framework Convention on Climate Change) ásamt Doha-breytingunni á Kýótó-bókuninni: Bókun við rammamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem samþykkt var á aðildarríkjaþingi loftslagssamningsins árið 1997. Doha-breytingin á Kýótó-bókuninni var samþykkt á aðildarríkjaþingi loftslagssamningsins árið 2012.

Landsskýrsla um losun gróðurhúsalofttegunda (National Inventory Report): Skýrsla um losun gróðurhúsalofttegunda sem Íslandi ber skv. rammamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar að senda skrifstofu samningsins árlega.

Losun gróðurhúsalofttegunda: Utstreymi gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið af manna-völdum.

Losunarbókhald: Bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti sem Íslandi er skylt að halda skv. rammamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Ísland þarf að standa skil á losun gróðurhúsalofttegunda frá eftirfarandi uppsprettum:

- a. Flokkur 1: Orka.
- b. Flokkur 2: Iðnaðarferlar og efna-/vörunotkun.
- c. Flokkur 3: Landbúnaður.
- d. Flokkur 4: Landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt.
- e. Flokkur 5: Úrgangur.
- f. Flokkur 6: Annað.

Rammamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (United Nations Framework Convention on Climate Change): Alþjóðlegur samningur um loftslagsmál sem undirritaður var á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun árið 1992.

Samkomulag um sameiginlegar efndir: Samkomulag á milli Íslands annars vegar og Evrópusambandsins og aðildarríkja þess hins vegar um þátttöku Íslands, í sameiginlegum efdum á skuldbindingum aðila á öðru skuldbindingartímabili Kýótó-bókunarinnar við rammamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Skýrsla um upphafsstöðu Íslands á öðru skuldbindingartímabili Kýótó-bókunarinnar, 2013-2020 (Iceland's Initial Report for the second commitment period under the Kyoto Protocol): Skýrsla sem Ísland sendi skrifstofu rammamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar árið 2016 í samræmi við ákvæði Doha-breytingarinnar á Kýótó-bókuninni. Í skýrslunni koma fram forsendur fyrir útreikningi á losunarheimildum Íslands á öðru skuldbindingartímabili Kýótó-bókunarinnar og lýsing á því hvernig Ísland hyggst standa við skuldbindingar sínar skv. bókuninni.

3. gr.

Leiðbeiningarefni.

Í ákvæðum reglugerðar þessarar er vísað til alþjóðlegs leiðbeiningarefnis varðandi aðferðafræði við skráningu og vinnslu upplýsinga vegna bókhalds yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Leiðbeiningarefnið hefur að geyma viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja skilyrðum þeim sem í reglugerð þessari er lýst eða er þeim til frekari fyllingar.

Umhverfisstofnun skal halda utan um, uppfæra og hafa aðgengilegt skjal þar sem koma fram nánari upplýsingar um það leiðbeiningarefni sem hver stofnun skal styðjast við og fara eftir við gerð bókhaldsins.

4. gr.

Hlutverk Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með og ber ábyrgð á gerð bókhalds Íslands yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Athuga ber að hver stofnun sem fjallað er um í III. kafla þessarar reglugerðar ber ábyrgð á þeim gögnum sem sú stofnun sendir frá sér.

Umhverfisstofnun safnar árlega saman upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna bókhaldsins með aðstoð annarra stofnana líkt og kveðið er á um í reglugerð þessari og vinnur úr þeim landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Umhverfisstofnun veitir leiðbeiningar í tengslum við bókhaldið.

5. gr.

Skýrslugjöf og tímafrestir vegna samkomulags um sameiginlegar efndir.

Umhverfisstofnun skal sinna skýrslugjöf, sbr. samkomulag um sameiginlegar efndir á öðru skuldbindingartímabili Kýótó-bókunarinnar, samkvæmt tímafrestum sem gefnir eru í reglugerð (ESB) nr. 525/2013 um stjórnþæki til vöktunar og skýrslugjafar um losun gróðurhúsalofttegunda og einnig skýrslugjafar um annars konar upplýsingar innanlands eða á sviði sambandsins sem snerta loftslagsbreytingar sem fellir úr gildi ákvörðun nr. 280/2004/EB, sbr. 23. gr. og viðauka við reglugerð þessa og samkvæmt frestum sem gefnir eru í gildandi og síðari framseldum gerðum og framkvæmdagerðum sem byggjast á reglugerð (ESB) nr. 525/2013.

II. KAFLI

Upplýsingar um orkumál.

6. gr.

Upplýsingar frá Orkustofnun.

Orkustofnun skal safna og veita upplýsingar vegna losunarbókhaldsins að því er varðar orku. Orkustofnun skal 15. maí ár hvert afhenda Umhverfisstofnun bráðabirgðaupplýsingar og 30. september ár hvert heildarupplýsingar vegna undangengis almanaksárs er varðar eftirfarandi:

- a. Orkujöfnuð (e. *energy balance*) í samræmi við handbók Alþjóðaorkumálastofnunarinnar um tölfræði orkumála.
- b. Orkureikning (e. *energy account*) með upplýsingum um notkun allra tegunda jarðefnaeldsneytis hér á landi, eftir notkunarflokkum í samræmi við flokkun leiðbeininga milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar um losunarbókhald, eftir því sem best á við. Þessu skal skilað á því formi sem Umhverfisstofnun óskar eftir. Einnig skal veita upplýsingar á sveiflum í eldsneytisnotkun milli ára (e. *trend analysis*).
- c. Upplýsingar um jarðhita, nánar tiltekið um orkuframleiðslu eftir staðsetningu, losun gróðurhúsalofttegunda, sbr. viðauka við þessa reglugerð, þ. á m. frá holum í blæstri, aðferðafræði við gagnaöflun og aðferðafræði við mat á útstreymi mengandi efna.

Tölulegum gögnum skal skilað á stöðluðu formi sem Umhverfisstofnun lætur Orkustofnun í té.

Upplýsingar um eftirfarandi skulu einnig fylgja:

- a. Sveiflur í eldsneytisnotkun eftir flokkum milli ára.
- b. Gagnasöfnun.
- c. Gæðaferla.

- d. Óvissumat.
- e. Breytingar á gögnum aftur í tímann.

Orkustofnun, í samráði við Umhverfisstofnun, skal tryggja að við söfnun og vinnslu upplýsinga sem fjallað er um í grein þessari séu að lágmarki uppfyllt viðmið sem fram koma í leiðbeiningum milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar um losunarbókhald. Í upplýsingunum skal koma fram hvernig greint er á milli innlendar notkunar og notkunar á milli landa á eldsneyti. Orkustofnun skal í samráði við Umhverfisstofnun meta óvissu gagnanna í samræmi við leiðbeiningar milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar og skýra frá þeim gæðafærlum sem framkvæmdir eru.

III. KAFLI

Upplýsingar um landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt.

7. gr.

Samvinna stofnana er varðar gagnasöfnun um landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt.

Landbúnaðarháskóli Íslands skal, í samvinnu við Skógræktina og Landgræðslu ríkisins, rita tilheyrandi kafla um landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt í landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda á þann hátt sem tilgreint er í viðauka 1 við leiðbeiningar rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar um landsskýrslur og í viðauka við leiðbeiningar um upplýsingagjöf skv. 7. gr. KÝÓTÓ-bókunarinnar.

8. gr.

Upplýsingar frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Landbúnaðarháskóli Íslands ritar kafla um landnotkun, breytta landnotkun og fjarlægingu tengda þeim aðgerðum, í landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda og skilar viðkomandi tölu- legum upplýsingum, öðrum en varða skóga, skógrækt og landgræðslu.

Landbúnaðarháskóli Íslands skal skila bráðabirgðatölum, öðrum en varða skóga, skógrækt og landgræðslu í skilagátt rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eigi síðar en 15. júlí ár hvert. Endanlegar upplýsingar skulu berast í skilagátt rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar fyrir 1. desember ár hvert vegna undangengins almanaksárs.

Gagnasöfnun samkvæmt ákvæði þessu skal að lágmarki uppfylla skilyrði sem fram koma í leiðbeiningum milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar um losunarbókhald. Hið sama gildir um gæði viðkomandi gagna. Óvissumat gagna skal vera í samræmi við leiðbeiningar milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar um losunarbókhald. Eftir því sem við á, skal einnig stuðst við leiðbeiningarnar að því er varðar landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt.

9. gr.

Upplýsingar frá Skógræktinni.

Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá (rannsóknasvið Skógræktarinnar) hefur umsjón með vinnslu upplýsinga sem fjallað er um í ákvæði þessu fyrir hönd Skógræktarinnar.

Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá skal fyrir 1. júlí ár hvert afhenda Landbúnaðarháskóla Íslands bráðabirgðaupplýsingar skv. a- og b-lið. Endanlegar upplýsingar skv. a- og b-lið skulu afhentar Landbúnaðarháskóla Íslands fyrir 1. október ár hvert. Rannsóknastöð Skógræktar á Mógilsá skal fyrir 15. júlí ár hvert skila bráðabirgðaupplýsingum skv. a-, b-, c- og d-lið í skilagátt rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, vegna undangengins almanaksárs. Endanlegar upplýsingar skv. a-, b-, c- og d-lið skulu berast í skilagátt rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar fyrir 1. desember ár hvert:

- a. Flatarmál og landfræðileg staðsetning svæða sem tengjast skógrækt, sundurliðað eftir tegund landnotkunar, samkvæmt kröfum rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, fyrir hvert ár á tímabilinu frá 1990 til undangengins almanaksárs.
- b. Flatarmál og landfræðileg staðsetning skóga og skógræktaraðgerða sem heyra undir 3. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. KÝÓTÓ-bókunarinnar fyrir hvert ár á tímabilinu frá 2008 fyrir skóga og skógræktaraðgerðir sem heyra undir 4. mgr. 3. gr. til undangengins almanaksárs.

- c. Mat á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti vegna landnotkunarflokka sem tengjast skógrækt. Matið skal samræmast kröfum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótó-bókunarinnar.
- d. Tilheyrandi kafla landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda sem snúa að skógrækt.

Gagnasöfnun samkvæmt ákvæði þessu skal að lágmarki uppfylla skilyrði sem fram koma í leiðbeiningum milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar um losunarbókhald. Hið sama gildir um gæði viðkomandi gagna. Óvissumat gagna skal vera í samræmi við leiðbeiningar milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar um losunarbókhald. Eftir því sem við á, skal einnig stuðst við leiðbeiningarnar að því er varðar landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt.

10. gr.

Upplýsingar frá Landgræðslu ríkisins.

Landgræðsla ríkisins skal í síðasta lagi 1. júlí ár hvert afhenda Landbúnaðarháskóla Íslands bráðabirgðaupplýsingar skv. a- og b-lið. Endanlegar upplýsingar skv. a- og b-lið skulu afhentar Landbúnaðarháskóla Íslands fyrir 1. október ár hvert. Landgræðsla ríkisins skal fyrir 15. júlí ár hvert skila bráðabirgðaupplýsingum skv. a-, b-, c- og d-lið í skilagátt rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, vegna undangengins almanaksárs. Endanlegar upplýsingar skv. a-, b-, c- og d-lið skulu berast í skilagátt rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar fyrir 1. desember ár hvert:

- a. Flatarmál og landfræðileg staðsetning svæða sem tengjast landgræðslu, sundurliðað eftir landnotkunarflokkum samkvæmt kröfum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, fyrir hvert ár á tímabilinu frá 1990 til undangengins almanaksárs.
- b. Flatarmál og landfræðileg staðsetning landgræðsluaðgerða sem heyra undir 4. mgr. 3. gr. Kýótó-bókunarinnar fyrir annars vegar 1990 og hins vegar fyrir hvert ár á tímabilinu frá 2008 til undangengins almanaksárs.
- c. Mat á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti vegna landnotkunarflokka sem tengjast landgræðslu. Matið skal samræmast kröfum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótó-bókunarinnar.
- d. Tilheyrandi kafla landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda sem snúa að landgræðslu.

Gagnasöfnun samkvæmt ákvæði þessu skal að lágmarki uppfylla þau skilyrði sem fram koma í leiðbeiningum milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar um losunarbókhald. Hið sama gildir um gæði viðkomandi gagna. Óvissumat gagna skal vera í samræmi við leiðbeiningar milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar um losunarbókhald. Eftir því sem við á, skal einnig stuðst við leiðbeiningarnar að því er varðar landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt.

11. gr.

Réttindi Landbúnaðarháskóla Íslands, Skógræktarinnar og Landgræðslu ríkisins.

Stofnanir og starfsmenn þeirra sem hafa umsjón með vinnslu gagna sem fjallað er um í kafla þessum og rita viðkomandi hluta landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda skulu nefndir höfundar viðkomandi efnis í skýrslunni og tengdum skýrslum.

IV. KAFLI

Upplýsingar um landbúnað.

12. gr.

Upplýsingar frá Matvælastofnun.

Matvælastofnun skal í síðasta lagi 15. maí ár hvert afhenda Umhverfisstofnun upplýsingar vegna undangengins almanaksárs um:

- a. Fjölda eftirfarandi búfjár:
 1. Mjólkurkúa, holdakúa, kviga, geldneyta, kálkqviga og kálfnauta.
 2. Áa, hrúta, gemlinga og lamba.
 3. Hryssa, hesta, tryppa og folalda.
 4. Gylta og galta.
 5. Huðna, hafra og kiðlinga.

6. Varphænsna, holdahænsna, lífunga, anda, gæsa og kalkúna.

7. Minka, refa og kanína.

b. Magn köfnunarefnis í innfluttum tilbúnum áburði auk kölkunarefnis í innfluttum áburði.

Tölulegum gögnum skal skilað á stöðluðu formi sem Umhverfisstofnun lætur Matvælastofnun í té.

Umhverfisstofnun er heimilt að óska eftir öðrum þeim upplýsingum frá Matvælastofnun sem nauðsynlegar eru vegna bókhalds Íslands yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti.

13. gr.

Upplýsingar frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Landbúnaðarháskóli Íslands skal í síðasta lagi 1. nóvember ár hvert afhenda Umhverfisstofnun upplýsingar vegna undangengins almanaksárs, um flatarmál framræstra túna sem innihalda lífrænan jarðveg og losun díköfnunarefnisoxíðs (N₂O) frá þeim.

Landbúnaðarháskóli Íslands skal aðstoða Umhverfisstofnun við mat á eftirfarandi:

- a. Meltanleika fóðurs fyrir nautgripi og sauðfé. Nautgripir skulu flokkaðir í mjólkurkúr, holdakúr, kvígur, geldneyti, kálfkvígur og kálfnaut. Sauðfé skal flokkað í ær, hrúta, gemlinga og lömb.
- b. Magni köfnunarefnis í búfjáraþurði nautgripa og sauðfjár. Nautgripir skulu flokkaðir í mjólkurkúr, holdakúr, kvígur, geldneyti, kálfkvígur og kálfnaut. Sauðfé skal flokkað í ær, hrúta, gemlinga og lömb.
- c. Skiptingu búfjáraþurðar fyrir hverja búfjartegund eftir aðferðum til meðhöndlunar áburðarins.

Umhverfisstofnun er heimilt að óska eftir öðrum þeim upplýsingum frá Landbúnaðarháskóla Íslands sem nauðsynlegar eru vegna bókhalds Íslands yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti.

V. KAFLI

Aðrar upplýsingar.

14. gr.

Upplýsingar frá Hagstofu Íslands.

Hagstofa Íslands skal í síðasta lagi 15. maí ár hvert afhenda Umhverfisstofnun upplýsingar vegna undangengins almanaksárs um eftirfarandi:

- a. Verga þjóðarframleiðslu.
- b. Framleiðslu á malbiki.
- c. Framleiðslu á matvælum og drykkjum.
- d. Uppskeru grænmetis og korns.
- e. Innflutning á leysiefnum og vörum sem innihalda leysiefni.
- f. Fjölda innfluttra ísskápa sundurliðað eftir löndum.
- g. Innflutning og útflutning á eldsneyti.
- h. Innflutning og útflutning á viðarafurðum.

Tölulegum gögnum skal skilað á stöðluðu formi sem Umhverfisstofnun lætur Hagstofu Íslands í té.

Umhverfisstofnun er heimilt að óska eftir öðrum þeim upplýsingum frá Hagstofu Íslands sem nauðsynlegar eru vegna bókhalds Íslands yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti.

15. gr.

Upplýsingar frá Samgöngustofu.

Samgöngustofa skal í síðasta lagi 15. maí ár hvert afhenda Umhverfisstofnun upplýsingar vegna undangengins almanaksárs um skráningu, akstur, eldsneytiseyðslu og mengunarvarnabúnað ökutækja. Upplýsingarnar skulu flokkaðar og þeim skilað á því formi er Umhverfisstofnun óskar eftir.

Umhverfisstofnun er heimilt að óska eftir öðrum þeim upplýsingum frá Samgöngustofu sem nauðsynlegar eru vegna bókhalds Íslands yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti.

16. gr.

Upplýsingar frá Úrvinnslusjóði.

Úrvinnslusjóður skal í síðasta lagi 15. maí ár hvert afhenda Umhverfisstofnun upplýsingar um framleiðslu og innflutning á málningu og prentlitum vegna undangengins almanaksárs.

Umhverfisstofnun er heimilt að óska eftir öðrum þeim upplýsingum frá Úrvinnslusjóði sem nauðsynlegar eru vegna bókhalds Íslands yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti.

17. gr.

Upplýsingar frá tollstjóra.

Umhverfisstofnun er heimilt að krefja tollstjóra um upplýsingar sem hann býr yfir um innflutning og útflutning á vörum, auk upplýsinga um innflutningsaðila sem nauðsynlegar eru vegna bókhalds Íslands yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti.

18. gr.

Upplýsingagjöf Umhverfisstofnunar til annarra stofnana.

Umhverfisstofnun skal í síðasta lagi 30. maí ár hvert afhenda Orkustofnun eftirfarandi upplýsingar vegna undangengins almanaksárs:

- a. Upplýsingar um eldsneytisnotkun í iðnaði.
- b. Upplýsingar um magn og orkuinnihald úrgangs sem brenndur er í sorpbrennslustöðvum með varmanýtingu.

VI. KAFLI

Sameiginleg ákvæði varðandi upplýsingagjöf og notkun upplýsinga.

19. gr.

Meðferð gagna og upplýsinga.

Óheimilt er að nota gögn og upplýsingar sem afhentar eru samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar í öðrum tilgangi en sem viðvíkur bókhaldi Íslands yfir losun gróðurhúsalofttegunda nema í fullu samráði við þann aðila sem afhenti gögnin og upplýsingarnar.

Ef gögn og upplýsingar sem afhentar eru samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar flokkast sem trúnaðargögn og -upplýsingar skal tryggja að Umhverfisstofnun verði gert viðvart þegar viðkomandi gögn og upplýsingar eru sendar stofnuninni. Umhverfisstofnun skal ekki birta slík gögn og upplýsingar þannig að hægt verði að rekja uppruna þeirra.

20. gr.

Samkomulag um ítarlegri reglur eða frávik.

Stofnunum sem bera skyldur samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að gera samkomulag sín á milli til að kveða nánar á um skyldur sínar eða samvinnu. Með slíku samkomulagi má einnig víkja frá ákvæðum II.-V. kafla reglugerðarinnar ef tryggt er að frávikin komi ekki í veg fyrir að bókhald Íslands yfir losun gróðurhúsalofttegunda uppfylli alþjóðlegar kröfur.

21. gr.

Beiðni um frekari gögn.

Umhverfisstofnun er heimilt að krefja stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri um gögn og upplýsingar sem þau búa yfir og Umhverfisstofnun þarfnast vegna bókhalds Íslands yfir losun gróðurhúsalofttegunda. Umhverfisstofnun skal haga gagnasöfnun sinni á þann hátt að fyrirhöfn upplýsingajafa við að láta í té gögn sé hófleg. Stofnunin skal leitast við að afla gagna úr stjórnsýsluskrá og öðrum opinberum skrá og gagnasöfnum þegar því verður við komið. Skyld er að veita Umhverfisstofnun upplýsingarnar á því formi sem hún óskar eftir, innan einnar viku, ef

kostur er og án þess að gjald komi fyrir. Umhverfisstofnun skal upplýsa í hvaða tilgangi gagna er aflað.

VII. KAFLI

Innleiðing.

22. gr.

Eftirfarandi gerð skal öðlast gildi hér á landi:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013, frá 21. maí 2013 um stjórnþæki til vöktunar og skýrslugjafar um losun gróðurhúsalofttegunda og einnig skýrslugjafar um annars konar upplýsingar innlands eða á sviði sambandsins sem snerta loftslagsbreytingar sem fellir úr gildi ákvörðun nr. 280/2004/EB.

Reglugerðin sem birt er í viðauka við reglugerð þessa, gildir í heild sinni að undanskildum ákvæðum 4. gr., f-lið 7. gr., 15.–20. gr. og 22. gr.

VIII. KAFLI

Lokaákvæði.

23. gr.

Kostnaður.

Hver stofnun ber kostnað af þeim verkefnum sem hún innir af hendi skv. reglugerð þessari, þ. á m. kostnað vegna þátttöku í samráðsfundum.

24. gr.

Kæruheimild.

Rísi ágreiningur um framkvæmd reglugerðar þessarar er heimilt að vísa honum til ráðherra til úrskurðar. Ráðherra skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en átta vikum eftir að honum berst mál í hendur.

25. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 17. maí 2017.

Björt Ólafsdóttir.

Hugi Ólafsson.

VIÐAUKI

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 525/2013

frá 21. maí 2013

um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitni svæðanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um aðferð til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótó-bókunarinnar ⁽⁴⁾ var komið á ramma til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka á gróðurhúsalofttegundum, meta framvindu við að uppfylla skuldbindingar sem varða þessa losun og koma í framkvæmd kröfum um vöktun og skýrslugjöf samkvæmt ramma-samningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) ⁽⁵⁾ og Kýótó-bókuninni ⁽⁶⁾ í Sambandinu. Í því skyni að taka tillit til nýlegrar þróunar og framtíðarþróunar á alþjóðavettvangi í tengslum við ramma-samning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótó-bókunina og til að koma í framkvæmd nýjum kröfum um vöktun og skýrslugjöf, sem kveðið er á um í lögum Sambandsins, ætti að skipta út ákvörðun nr. 280/2004/EB.
- 2) Í stað ákvörðunar nr. 280/2004/EB ætti að koma reglugerð sökum þess að gildissvið Sambandslaganna er víðtækara, til að ná yfir fleiri hópa einstaklinga sem falla undir skuldbindingar, vegna flóknara og mjög tæknilegs eðlis ákvæðanna sem eru innleidd, aukinnar þarfar fyrir samræmdar reglur sem gilda í öllu Sambandinu og til að greiða fyrir framkvæmdinni.
- 3) Lokamarkmiðið með ramma-samningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar er að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu við gildi sem kemur í veg fyrir hættulegar veðurfarabreytingar af mannavöldum. Til að það markmið náist má heildarhækkun hnattræns ársmeðalhita við yfirborð jarðar ekki vera meiri en 2 °C miðað við gildin fyrir iðnbyltinguna.
- 4) Þörf er á ítarlegri vöktun og skýrslugjöf og á reglulegu mati á losun gróðurhúsalofttegunda í Sambandinu og aðildarríkjunum og á viðleitni þeirra til að bregðast við loftslagsbreytingum.
- 5) Ákvörðun 1/CP.15 frá ráðstefnu samningsaðila að ramma-samningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (ákvörðun 1/CP.15) og ákvörðun 1/CP.16 frá ráðstefnu samningsaðila að ramma-samningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (ákvörðun 1/CP.16) áttu umtalsverðan þátt í framvindu við að bregðast við þeim áskorunum sem fylgja loftslagsbreytingum þannig að jafnvægis sé gætt. Með þessum ákvörðunum voru innleiddar nýjar kröfur um vöktun og skýrslugjöf sem gilda um framkvæmd metnaðarfullrar losunarskerðingar, sem Sambandið og aðildarríki þess hafa skuldbundið sig til, og veita þróunarlöndum stuðning. Í þessum ákvörðunum er einnig viðurkennt mikilvægi þess að setja aðlögunarráðstafanir í sama forgang og mildunarráðstafanir. Í ákvörðun 1/CP.16 er einnig gerð sú krafa að þróunarlönd móti áætlanir eða skipulag um þróun að því er varðar litla losun kolefna. Þess er vænst að slíkar áætlanir eða skipulag stuðli að því að byggja upp samfélag með litla losun kolefna og tryggja áframhaldandi örán vöxt og sjálfbæra þróun sem og að stefna á kostnaðarhagkvæman hátt að langtíamarkmiðum í loftslagsmálum, að teknu tilhlýðilegu tilliti til milli-stiga. Þessi reglugerð ætti að greiða fyrir framkvæmd þessara krafna um vöktun og skýrslugjöf.
- 6) Röð réttargerða Sambandsins, sem var samþykkt 2009 og vísað er til í heild sinni sem „loftslags- og orkupakkans“, einkum ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 406/2009/EB frá 23. apríl 2009 um átak aðildarríkjanna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að uppfylla skuldbindingar Bandalagsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2020 ⁽⁷⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og víkka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda ⁽⁸⁾, er merki um aðra ákveðna skuldbindingu Sambandsins og aðildarríkjanna um að draga verulega úr losun sinni á gróðurhúsalofttegundum. Einnig ætti að uppfæra kerfi Sambandsins um vöktun og skýrslugjöf varðandi losun í ljósi nýrra krafna samkvæmt þessum tveimur réttargerðum.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 181, 21.6.2012, bls. 169.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 277, 13.9.2012, bls. 51.

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 12. mars 2013 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 22. apríl 2013.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1.

⁽⁵⁾ Ákvörðun ráðsins 94/69/EB frá 15. desember 1993 um niðurstöður ramma-samnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Stjtið. EB L 33, 7.2.1994, bls. 11).

⁽⁶⁾ Ákvörðun ráðsins 2002/358/EB frá 25. apríl 2002 um samþykki Kýótó-bókunarinnar við ramma-samning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, fyrir hönd Evrópubandalagsins, og sameiginlega uppfyllingu á skuldbindingum samkvæmt henni (Stjtið. EB L 130, 15.5.2002, bls. 1).

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 136.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 63.

- 7) Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar skuldbindur Sambandið og aðildarríki þess til að móta, uppfæra reglulega, birta og taka saman landsskrár fyrir ráðstefnur samningsaðilanna yfir losun af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka á öllum gróðurhúsalofttegundum, sem Montreal-bókunin, við Vínarsamninginn um vernd ósónlagsins, frá 1987 um efni sem valda rýmun ósónlagsins nær ekki yfir ⁽⁹⁾ (Montreal-bókunin), og nota til þess samanburðarhæfar aðferðir sem samþykktar voru á ráðstefnu samningsaðilanna.
- 8) Í 1. mgr. 5. gr. Kýótó-bókunarinnar er gerð sú krafa að Sambandið og aðildarríkin komi á og viðhaldi landsbundnu kerfi til að meta losun af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka á öllum gróðurhúsalofttegundum sem Montreal-bókunin nær ekki yfir, í því skyni að tryggja framkvæmd annarra ákvæða Kýótó-bókunarinnar. Í því sambandi ættu Sambandið og aðildarríkin að beita viðmiðunarreglum fyrir landsbundin kerfi, sem settar eru fram í viðaukanum við ákvörðun 19/CMP.1 frá ráðstefnu samningsaðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem er fundur aðila að Kýótó-bókuninni (ákvörðun 19/CMP.1). Auk þess er gerð sú krafa með ákvörðun 1/CP.16 að komið sé á fót landsbundnu fyrirkomulagi til að meta losun af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka á öllum gróðurhúsalofttegundum sem Montreal-bókunin nær ekki yfir. Þessi reglugerð ætti að gera það kleift að koma báðum þessum kröfum til framkvæmda.
- 9) Kýpur og Malta falla undir I. viðauka við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar samkvæmt ákvörðun 10/CP.17 frá ráðstefnu samningsaðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, frá og með 9. janúar 2013, og ákvörðun 3/CP.15 frá ráðstefnu samningsaðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, frá og með 26. október 2010, í þeirri röð.
- 10) Sú reynsla sem fengist hefur við framkvæmd ákvörðunar nr. 280/2004/EB hefur leitt í ljós nauðsyn þess að auka samlegðaráhrif og samfellu við skýrslugjöf samkvæmt öðrum lagagerningum, einkum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins ⁽¹⁰⁾, við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 frá 18. janúar 2006 um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna ⁽¹¹⁾, við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/81/EB frá 23. október 2001 um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni ⁽¹²⁾, við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tilteknar, flúradar gróðurhúsalofttegundir ⁽¹³⁾ og við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 frá 22. október 2008 um hagskýrslur um orkumál ⁽¹⁴⁾. Um leið og hagræðing á kröfum um skýrslugjöf mun krefjast breytinga á einstökum lagagerningum er notkun á samræmdum gögnum við skýrslugjöf um losun gróðurhúsalofttegunda nauðsynleg til að tryggja gæði skýrslugjafar um losun.
- 11) Í fjórðu matsskýrslu milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar (IPCC) var bent á hnatthlúnunarmátt vegna (GWP) köfnunarefnistríklóríðs (NF₃) sem er u.þ.b. 17.000 sinnum meiri en vegna koltvísýrings (CO₂). Köfnunarefnistríklóríð er æ oftar notað í rafeindaíðnaðinum til að koma í staðinn fyrir perflúorkolefni (PFC) og brennisteinshexaflúoríð (SF₆). Í samræmi við 2. mgr 191. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins verður umhverfisstefna Sambandsins að grundvallast á varúðarreglunni. Með þeirri reglu er þess krafist að köfnunarefnistríklóríð sé vaktað, að magn losunar í Sambandinu sé metið og, ef þörf krefur, að skilgreind sé aðgerð til að draga úr losun.
- 12) Þau gögn úr skýrslugjöf, sem eru sem stendur í landsskrám yfir gróðurhúsalofttegundir og í landsskrám og skráum Sambandsins, nægja ekki til að ákvarða, á vettvangi aðildarríkjanna, losun koltvísýrings frá almenningssflugi á landsvísu sem fellur ekki undir tilskipun 2003/87/EB. Við samþykkt á kvöðum um skýrslugjöf ætti Sambandið ekki að leggja byrðar á aðildarríkin og lítill og meðalstór fyrirtæki sem eru ekki í samræmi við þau markmið sem stefnt er að. Koltvísýringslosun frá flugi sem fellur ekki undir tilskipun 2003/87/EB er einungis mjög lítill hluti af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda og það að koma á skýrslugjafarkerfi fyrir þessa losun yrði óþarflega íþyngjandi í ljósi gildandi krafna fyrir stærri geira samkvæmt tilskipun 2003/87/EB. Af þeim sökum ætti að meðhöndla koltvísýringslosun frá upptakaflokki milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar „1.A.3.A almenningssflug“ eins og hún jafngildi núlli að því er varðar 3. gr. og 1. mgr. 7. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB.
- 13) Til að tryggja skilvirgni fyrirkomulags um vöktun og skýrslugjöf um losun gróðurhúsalofttegunda er nauðsynlegt að forðast að bæta enn frekar við þá fjárhagslegu og stjórnsýslulegu byrði sem aðildarríkin bera nú þegar.
- 14) Þó svo að losun og upptaka gróðurhúsalofttegunda í tengslum við landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt (LULUCF) teljist hluti af markmiðum Sambandsins um að draga úr losun samkvæmt ákvæðum Kýótó-bókunarinnar eru þær ekki hluti af 20% markmiðinu fyrir árið 2020 samkvæmt loftslags- og orkupakkanum. Í 9. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB er gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin meti fyrirkomulag varðandi innfellingu á losun og upptöku frá starfsemi í tengslum við landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt inn í skuldbindingar Sambandsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, í því skyni að tryggja varanleika og umhverfislegan heilleika að því er varðar framlag landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar, og tryggja nákvæma vöktun og bókhald yfir viðkomandi losun og upptöku. Þar er einnig gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin leggi fram tillögu að nýrri löggjöf, eins og við á, með það að markmiði að hún taki gildi frá og með 2013. Hinn 12. mars 2012 lagði framkvæmdastjórnin tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið sem fyrsta skrefið í áttina að því að fella geirann um landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt inn í skuldbindingar Sambandsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, sem leiddi til þess að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 529/2013/ESB frá 21. maí 2013 um bókhaldsreglur um losun gróðurhúsalofttegunda og upptöku vegna starfsemi í tengslum við landnotkun,

⁽⁹⁾ Ákvörðun ráðsins 88/540/EBE frá 14. október 1988 um gerð Vínarsamningsins um vernd ósónlagsins og Montreal-bókunarinnar um efni sem valda rýmun ósónlagsins (Stjtið. EB L 297, 31.10.1988, bls. 8).

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1.

⁽¹²⁾ Stjtið. EB L 309, 27.11.2001, bls. 22.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 1.

breytta landnotkun og skógrækt og um upplýsingar varðandi aðgerðir í tengslum við þessa starfsemi⁽¹⁵⁾ var samþykkt.

- 15) Sambandið og aðildarríkin ættu að leitast við að veita uppfærðar upplýsingar um losun sína á gróðurhúsalofttegundum, einkum innan ramma áætlunarinnar Evrópa 2020 og tilgreindra tímálina hennar. Þessi reglugerð ætti að gera það kleift að slík mót séu tekin saman innan stystu tímamarka sem mögulegt er með því að nota tölfraðilegar upplýsingar og aðrar upplýsingar, s.s., eftir því sem við á, gögn sem byggjast á geimrannsóknnum frá áætlun um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála og öðrum gervihnattakerfum.
- 16) Þar eð framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt að hún ætli sér að leggja fram tillögu að nýjum kröfum um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar frá flutningum á sjó, þ.m.t. breytingar á þessari reglugerð eins og við á, ætti þessi reglugerð ekki að hafa áhrif á neinar slíkar tillögur og af þeim sökum ætti reglugerðin á þessum tímamarki ekki að ná yfir ákvæði um vöktun og skýrslugjöf um losun frá flutningum á sjó.
- 17) Sú reynsla sem fengist hefur við framkvæmd ákvörðunar nr. 280/2004/EB leiddi í ljós þörf til að bæta gagnsæi, nákvæmni, samkvæmni, heildstæðni og samanburðarhæfi upplýsinga sem veittar eru um stefnur og ráðstafanir og um spár. Í ákvörðun nr. 406/2009/EB er gerð sú krafa að aðildarríkin gefi skýrslu um áætlaðan árangur sinn við að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt þeirri ákvörðun, þ.m.t. upplýsingar um landsbundnar stefnur og ráðstafanir og um landsspár. Í áætluninni Evrópa 2020 var sett fram samþætt áætlun um efnahagsstefnu sem krefst þess að Sambandið og aðildarríkin gangi lengra í viðleitni sinni varðandi tímanlega skýrslugjöf um stefnur og ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga og áætlud áhrif þeirra á losun. Það að skapa kerfi á vettvangi Sambandsins og aðildarríkjanna ásamt betri leiðbeiningum varðandi skýrslugjöf ætti að stuðla verulega að því að ná þessum markmiðum. Til að tryggja að Sambandið uppfylli alþjóðlegar og innri skýrslugjafarkröfur sínar um spár í tengslum við gróðurhúsalofttegundir og til að meta framvindu sína við að uppfylla alþjóðlegar og innri skuldbindingar sínar og skyldur ætti framkvæmdastjórnin einnig að geta tekið saman og notað mót um spár í tengslum við gróðurhúsalofttegundir.
- 18) Þörf er á bættum upplýsingum frá aðildarríkjunum til að fylgjast með árangri þeirra og aðgerðum við að aflagast loftslagsbreytingum. Þörf er á þessum upplýsingum til að móta viðtæka aðlögunaráætlun Sambandsins samkvæmt hvítbók framkvæmdastjórnarinnar frá 1. apríl 2009 sem ber heitið „Aðlögun að loftslagsbreytingum: Í átt að evrópskum aðgerðaramma“. Skýrslugjöf varðandi upplýsingar um aðlögun munu gera aðildarríkjunum kleift að miðla bestu starfsvenjum og meta þarfir sínar og hversu tilbúin þau eru til að bregðast við loftslagsbreytingum.
- 19) Samkvæmt ákvörðun 1/CP.15 skuldbundu Sambandið og aðildarríkin sig til að veita verulega loftslagsfjármögnun til að styðja aðlögunar- og mildunaráðgerðir í þróunarlöndunum. Í samræmi við 40. lið ákvörðunar 1/CP.16 verður hvert þróunarland, sem er aðili að rammamarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, að auka skýrslugjöf um veitingu fjárstuðnings, tæknistuðnings og stuðnings við uppbyggingu á færni til aðila sem eru þróunarlönd. Aukin skýrslugjöf er nauðsynleg til að viðurkenna viðleitni Sambandsins og aðildarríkjanna til að standa við skuldbindingar sínar. Með ákvörðun 1/CP.16 var einnig komið á nýju „tæknilegu fyrirkomulagi“ (e. *Technology Mechanism*) til að efla alþjóðlega tæknifyrfærslu. Þessi reglugerð ætti að tryggja skýrslugjöf um uppfærðar upplýsingar varðandi starfsemi í tengslum við tæknifyrfærslu til þróunarlanda á grundvelli bestu fyrirliggjandi gagna.
- 20) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB⁽¹⁶⁾ breytti tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins taki til flugstarfsemi. Tilskipun 2003/87/EB inniheldur ákvæði um notkun á uppboðstekjum, um skýrslugjöf um notkun aðildarríkjanna á uppboðstekjum og um aðgerðir sem gripið er til skv. 3. gr. d í þeirri tilskipun. Tilskipun 2003/87/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2009/29/EB, inniheldur nú einnig ákvæði um notkun á uppboðstekjum og þar kemur fram að nota eigi a.m.k. 50% af slíkum tekjum í þá starfsemi, eina eða fleiri, sem um getur í 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Gagnsæi við notkun tekna af uppboðum á losunarheimildum samkvæmt tilskipun 2003/87/EB er lykillinn að því að renna stöðum undir skuldbindingar Sambandsins.
- 21) Samkvæmt rammamarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar er gerð sú krafa að Sambandið og aðildarríki þess þróa landsskýrslur og tveggja ára skýrslur með því að nota viðmiðunarreglur, aðferðafræði og snið sem ráðstefna samningsaðila samþykkir, uppfæri skýrslurnar reglulega, birti þær og gefi ráðstefnu samningsaðila skýrslu um þær. Ákvörðun 1/CP.16 kallar á aukna skýrslugjöf um markmið mildunarráðstafana og um veitingu fjárstuðnings, tæknistuðnings og stuðnings við uppbyggingu á færni til aðila sem eru þróunarlönd.
- 22) Með ákvörðun nr. 406/2009/EB breyttist núverandi ársskýrslutímabil í árlegt skuldbindingatímabil sem krefst ítarlegrar endurskoðunar á skrár aðildarríkjanna yfir gróðurhúsalofttegundir, innan styttri tímaramma en núverandi endurskoðun á landsskrám samkvæmt rammamarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, til að auðvelda sveigjanleika og beitingu aðgerða til úrbóta, ef nauðsyn krefur, við lok hvers árs sem við á. Nauðsynlegt er að koma upp á vettvangi Sambandsins endurmatsferli á skránum yfir gróðurhúsalofttegundir, sem aðildarríkin leggja fram, til að tryggja að samræmi við ákvörðun nr. 406/2009/EB sé metið á trúverðugan, samræmdan, gagnsæjan og tímanlegan hátt
- 23) Sem stendur eru fjölmargir tæknilegir þættir, sem tengjast skýrslugjöf um losun gróðurhúsalofttegunda frá upptökum og upptöku í viðtaka, s.s. hnatthlýunarmáttur, umfang gróðurhúsalofttegunda sem gefið er upp og aðferðafræðilegar leiðbeiningar frá milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar, sem á að nota til að útbúa landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir, til umræðu samkvæmt ferli rammamarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Endurskoðun á þessum aðferðafræðilegu þáttum í tengslum við ferli rammamarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og síðari endurútreikningar á tímaröð vegna losunar gróðurhúsalofttegunda geta breytt umfangi og horfum varðandi losun gróðurhúsalofttegunda. Framkvæmdastjórnin ætti að vakta slíka þróun á alþjóðavettvangi og, ef nauðsyn krefur, leggja til endurskoðun á þessari reglugerð til að tryggja samræmi við aðferðafræðina sem er notuð í tengslum við ferli rammamarkmiðum

⁽¹⁵⁾ Stjtið. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 80.

⁽¹⁶⁾ Stjtið. ESB L 8, 13.1.2009, bls. 3.

Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

- 24) Í samræmi við núverandi viðmiðunarreglur rammasmannings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar varðandi skýrslugjöf byggjast útreikningar og skýrslugjöf um metanlosun á hnatthlúnunarmætti sem varðar 100 ára tímabil. Með hliðsjón af miklum hnatthlúnunarmætti og tiltölulega stuttum líftíma metans í andrúmsloftinu ætti framkvæmdastjórnin að greina þau áhrif sem það hefði á stefnur og ráðstafanir að samþykka 20 ára tímabil fyrir metan.
- 25) Að teknu tilliti til ályktunar Evrópuþingsins frá 14. september 2011 um heildstæða nálgun að annarri losun, sem skiptir máli fyrir loftslagið, af mannavöldum en koltvísýringslosun og um leið og samkomulag liggur fyrir samkvæmt ramma-samningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar um að nota samþykktar og birtar viðmiðunarreglur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar um vöktun og skýrslugjöf varðandi losun á svörtu kolefni ætti framkvæmdastjórnin að greina áhrifin á stefnur og ráðstafanir og, ef við á, breyta I. viðauka við þessa reglugerð.
- 26) Losun gróðurhúsalofttegunda, sem fellur innan uppgefina tímaráða, ætti að meta með sömu aðferðum. Afla ætti undirliggjandi gagna um starfsemi og losunarstuðla og nota þau á samræmdan hátt til að tryggja að breytingar á þróun losunar séu ekki teknar inn vegna breytinga á matsaðferðum eða forsendum. Endurútreikningar á losun gróðurhúsalofttegunda ættu að fara fram í samræmi við samþykktar viðmiðunarreglur og framkvæmdir með það í huga að bæta samkvæmni, nákvæmni og heildstæðni uppgefina tímaráða og framkvæmd ítarlegri aðferða. Ef aðferðafræði eða aðferð, sem notuð er við að safna gögnum um undirliggjandi starfsemi og losunarstuðla, hefur breyst ættu aðildarríkin að endurreikna skrár fyrir uppgefna tímaröð og meta þörfina á endurútreikningum á grundvelli ástæðna sem gefnar eru í samþykktu viðmiðunarreglum, einkum að því er varðar lykilklokka. Í þessari reglugerð ætti að mæla fyrir um hvort og við hvaða skilyrði beri að taka tillit til áhrifa slíkra endurútreikninga til að ákvarða árlega úthlutun losunarheimilda.
- 27) Flug hefur áhrif á loftslagið í heiminum vegna losunar á koltvísýringi sem og vegna annarrar losunar, þ.m.t. losunar á köfnunarefnisoxíði, og á gangvirki, s.s. fjölgun á klósigum. Í ljósi þess að vísindalegur skilningur á þessum áhrifum eykst ört ætti reglulega að framkvæma uppfært mat á áhrifum annarrar losunar en koltvísýringslosunar frá flugi á loftslagið í heiminum í tengslum við þessa reglugerð. Líkönin sem eru smíðuð að því þetta varðar ætti að laga að vísindalegum framförom. Framkvæmdastjórnin gæti, á grundvelli þess hvernig hún metur slík áhrif, íhugað viðeigandi valkosti til stefnumótunar til að fjalla um þau.
- 28) Umhverfisstofnun Evrópu miðar að því að styðja sjálfbæra þróun og aðstoða við að ná fram marktækum og mælanlegum umbótum á umhverfi í Evrópu með því að veita stefnumótendum, opinberum stofnunum og almenningi tímanlegar, markvissar, viðeigandi og áreiðanlegar upplýsingar. Umhverfisstofnun Evrópu ætti að aðstoða framkvæmdastjórnina, eins og við á, við vöktunar og skýrslugjafarstörf, einkum í tengslum við skráningarkerfi Sambandsins og kerfi þess fyrir stefnur og ráðstafanir og spár; við að framkvæma árlega sérfræðiendurskoðun á skráum aðildarríkjana; við mat á framvindu við að ná skuldbindingum Sambandsins um að draga úr losun; við að viðhalda evrópskum loftslagsaðlögunarvettvangi (e. *European Climate Adaptation Platform*) í tengslum við áhrif, veikleika og aðlögun að loftslagsbreytingum; og við að miðla traustum loftslagsupplýsingum til almennings.
- 29) Allar kröfur sem varða tilhögun miðlunar upplýsinga og gagna samkvæmt þessari reglugerð ættu að falla undir reglur Sambandsins um gagnavernd og viðskiptaleynd.
- 30) Upplýsingar og gögn sem er safnað samkvæmt þessari reglugerð geta einnig stuðlað að mótun og mati á framtíðarstefnu Sambandsins varðandi loftslagsbreytingar.
- 31) Til að tryggja samræmi ætti framkvæmdastjórnin að fylgja framkvæmd krafna um vöktun og skýrslugjöf samkvæmt þessari reglugerð og frekari þróun samkvæmt rammasmannings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókuninni. Í því tilliti ætti framkvæmdastjórnin að leggja fram, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið.
- 32) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd 5. gr. (4 mgr.), 7. gr. (7. og 8. mgr.), 8. gr. (2. mgr.), 12. gr. (3. mgr.), 17. gr. (4. mgr.) og 19. gr. (5. og 6. mgr.) þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Að undanskilinni 6. mgr. 19. gr. ætti að beita þessu valdi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjana með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu⁽¹⁷⁾.
- 33) Í því skyni að koma á samræmdum kröfum um skýrslugjöf til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda og aðrar upplýsingar sem varða stefnu varðandi loftslagsbreytingar ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykka gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til þess að breyta I. og III. viðauka við þessa reglugerð í samræmi við ákvarðanir sem teknar eru innan ramma rammasmannings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókunarinnar; taka til greina breytingar á hnatthlúnunarmætti ásamt alþjóðlega samþykktum viðmiðunarreglum um skrár; setja efnislegar kröfur um skráningarkerfi Sambandsins; og koma á fót skrá Sambandsins. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhlíða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 34) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á fyrirkomulagi um vöktun og skýrslugjöf um losun gróðurhúsalofttegunda og um skýrslugjöf varðandi aðrar upplýsingar á landsbundnum vettvangi og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar, og þeim verður betur náð á vettvangi Evrópusambandsins vegna umfangs og áhrifa tillögðu aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við nálegðarregluna eins og sett er fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er í þessari reglugerð ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

⁽¹⁷⁾ Sjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð er komið á kerfi til að:

- a) tryggja tímamörk, gagnsæi, nákvæmni, samkvæmni, samanburðarhæfi og heildstæðni skýrslugjafar Sambandsins og aðildarríkja þess til skrifstofu rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar,
- b) gefa skýrslu um og staðfesta upplýsingar sem varða skuldbindingar Sambandsins og aðildarríkja þess samkvæmt rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, Kýótó-bókuninni og ákvörðunum sem eru samþykktar samkvæmt henni og meta framvindu við að uppfylla þessar skuldbindingar,
- c) vakta og gefa skýrslu um alla losun af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka á öllum gróðurhúsalofttegundum sem Montreal-bókunin um efni, sem valda rýmun ósonlagsins í aðildarríkjunum, nær ekki yfir,
- d) vakta, gefa skýrslu um, endurskoða og staðfesta losun gróðurhúsalofttegunda og aðrar upplýsingar skv. 6. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB,
- e) gefa skýrslu um notkun tekna af uppboðum á losunarheimildum skv. 3. gr. d (1. eða 2. mgr.) eða 10. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2003/87/EB, skv. 3. gr. d (4. mgr.) og 10. gr. (3. mgr.) þeirrar tilskipunar,
- f) vakta og gefa skýrslu um aðgerðir sem aðildarríkin grípa til í því skyni að aðlagast óhjákvæmilegum afleiðingum loftslagsbreytinga á kostnaðarhagkvæman hátt,
- g) meta hvernig aðildarríkjunum miðar við að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvörðun nr. 406/2009/EB.

2. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um:

- a) skýrslugjöf um þróunaráætlanir Sambandsins og aðildarríkja þess um litla losun kolefna og hvers kyns uppfærslur á þeim í samræmi við ákvörðun 1/CP.16,
- b) losun gróðurhúsalofttegunda, sem eru tilgreindar í I. viðauka við þessa reglugerð, frá geirum og upptökum og upptöku í viðtaka sem falla undir landskrár yfir gróðurhúsalofttegundir skv. a-lið 1. mgr. 4. gr. rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og eru losaðar innan yfirráðasvæða aðildarríkjanna,
- c) losun gróðurhúsalofttegunda sem falla undir gildissvið 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB,
- d) tengd áhrif á loftslag af völdum annarrar losunar en koltvísýringslosunar sem tengist losun frá almenningsflugi,
- e) spár Sambandsins og aðildarríkja þess um losun af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka á gróðurhúsalofttegundum, sem Montreal-bókunin nær ekki yfir, og stefnur og ráðstafanir aðildarríkjanna þar að lútandi,
- f) samanlagðan fjárstuðning og tæknistuðning til þróunarlanda í samræmi við kröfur samkvæmt rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar,
- g) notkun tekna af uppboðum á losunarheimildum skv. 1. og 2. mgr. 3. gr. d og 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB,
- h) aðgerðir aðildarríkjanna til að aðlagast loftslagsbreytingum.

3. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „hnatthlúnunarmáttur“ (GWP): lofttegundar er heildarframlag til hnattrænnar hlúnunar sem stafar af losun einnar einingar af viðkomandi lofttegund miðað við eina einingu af viðmiðunarlofttegundinni, koltvísýringi, sem fær gildið 1,
- 2) „landsbundið skráningarkerfi“: kerfi stofnanalegs, lagalegs og málsmeðferðarlegs fyrirkomulags, sem er komið á innan aðildarríkis, til að meta losun af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka á gróðurhúsalofttegundum sem Montreal-bókunin nær ekki yfir og til að gefa skýrslu um og geyma skráaupplýsingar í samræmi við ákvörðun 19/CMP.1 eða aðrar viðeigandi ákvarðanir rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða aðila Kýótó-bókunarinnar,
- 3) „lögber skráningaryfirvöld“: yfirvöld sem falið er það verkefni samkvæmt landsbundnu skráningarkerfi að taka saman skrá yfir gróðurhúsalofttegundir,
- 4) „gæðatrygging“ (QA): skipulagt kerfi endurskoðunaraðferða til að tryggja að markmið um gæði gagna séu uppfyllt og að gefin sé skýrsla um bestu, hugsanlegu mót og upplýsingar til að styðja skilvirkni gæðaeftirlitsáætlunarinnar og til að aðstoða aðildarríkin,
- 5) „gæðaeftirlit“ (QC): kerfi venjubundinnar, tæknilegrar starfsemi til að mæla og hafa eftirlit með gæðum upplýsinga og mata sem tekin eru saman með það að markmiði að tryggja heilleika, réttleika og heildstæðni gagna, greina og fást við villur og úrfellingar, skjalfesta og geyma gögn og annað efni sem er notað og skrá alla starfsemi gæðaeftirlitsins,

- 6) „vísir“: megindegur eða eigindegur stuðull eða breyta sem stuðlar að betri skilningi á framvindu við að framkvæma stefnur og ráðstafanir og á horfum varðandi losun gróðurhúsalofttegunda,
- 7) „eining úthlutaðs magns“ (AAU): eining sem er gefin út samkvæmt viðeigandi ákvæðum í viðaukanum við ákvörðun 13/CMP.1 frá ráðstefnu samningsaðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem er fundur aðila að Kýmótó-bókuninni (ákvörðun 13/CMP.1), eða öðrum viðeigandi ákvörðunum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða aðila Kýmótó-bókunarinnar,
- 8) „bindingareining“ (RMU): eining sem er gefin út samkvæmt viðeigandi ákvæðum í viðaukanum við ákvörðun 13/CMP.1 eða öðrum viðeigandi ákvörðunum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða aðila Kýmótó-bókunarinnar,
- 9) „losunarskerðingareining“ (ERU): eining sem er gefin út samkvæmt viðeigandi ákvæðum í viðaukanum við ákvörðun 13/CMP.1 eða öðrum viðeigandi ákvörðunum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða aðila Kýmótó-bókunarinnar,
- 10) „eining vottaðrar losunarskerðingar“ (CER): eining sem er gefin út skv. 12. gr. Kýmótó-bókunarinnar og kröfum samkvæmt henni, sem og samkvæmt viðeigandi ákvæðum í viðaukanum við ákvörðun 13/CMP.1 eða öðrum viðeigandi ákvörðunum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða aðila Kýmótó-bókunarinnar,
- 11) „bráðabirgðaeining vottaðrar losunarskerðingar“ (tCER): eining sem er gefin út skv. 12. gr. Kýmótó-bókunarinnar og kröfum samkvæmt henni, sem og samkvæmt viðeigandi ákvæðum í viðaukanum við ákvörðun 13/CMP.1 eða öðrum viðeigandi ákvörðunum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða aðila Kýmótó-bókunarinnar, þ.e. inneignir sem eru veittar vegna upptöku losunar, sem eru vottaðar vegna verkefnis á sviði nýskógræktar eða endurræktunar skóga samkvæmt kerfi hreinleikaþróunar, sem er skipt út við fyrningu við lok annars skuldbindingartímabilsins,
- 12) „langtímaeining vottaðrar losunarskerðingar“ (ICER): eining sem er gefin út skv. 12. gr. Kýmótó-bókunarinnar og kröfum samkvæmt henni, sem og samkvæmt viðeigandi ákvæðum í viðaukanum við ákvörðun 13/CMP.1 eða öðrum viðeigandi ákvörðunum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða aðila Kýmótó-bókunarinnar, þ.e. inneignir sem eru veittar vegna upptöku losunar til langs tíma, sem eru vottaðar vegna verkefnis á sviði nýskógræktar eða endurræktunar skóga samkvæmt kerfi hreinleikaþróunar, sem er skipt út við fyrningu við lok bókunartímabils verkefnisins eða ef um er að ræða geymsluendurlusun (e. *storage reversal*) eða ef vottunarskýrsla er ekki lögð fram,
- 13) „landsskrá“: skrá í formi staðlaðs, rafræns gagnasafns sem inniheldur gögn um útgáfu, handhöfn, millifærslu, kaup, ógildingu, innlausn, yfirfærslu, útskipti eða breytingu á fyrningardagsetningu, eftir því sem við á, á einingum úthlutaðs magns (AAU), bindingareiningum (RMU), losunarskerðingareiningum (ERU), einingum vottaðrar losunarskerðingar (CER), bráðabirgðaeiningum vottaðrar losunarskerðingar (tCER) og langtímaeiningum vottaðrar losunarskerðingar (ICER),
- 14) „stefnur og ráðstafanir“: allir gerningar sem miða að því að framkvæma skuldbindingar skv. a- og b-lið 2. mgr. 4. gr. rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem geta falið í sér gerninga sem hafa ekki að meginmarkmiði takmörkun eða skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda,
- 15) „kerfi fyrir stefnur og ráðstafanir og spár“: kerfi stofnanalegs, lagalegs og málsmeðferðarlegs fyrirkomulags, sem er komið á til skýrslugjafar um stefnur og ráðstafanir og spár varðandi losun af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka á gróðurhúsalofttegundum sem Montreal-bókunin nær ekki yfir, eins og krafist er skv. 12. gr. þessarar reglugerðar,
- 16) „fyrirframat á stefnum og ráðstöfunum“: mat á áætluðum áhrifum af stefnu eða ráðstöfun,
- 17) „eftirámat á stefnum og ráðstöfunum“: mat á fyrri áhrifum af stefnu eða ráðstöfun,
- 18) „spár án ráðstafana“: spár um losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka sem útiloka áhrif af öllum stefnum og ráðstöfunum sem eru ráðgerðar, samþykktar eða hrint í framkvæmt eftir árið sem valið er sem upphafspunktur fyrir viðkomandi spá,
- 19) „spár með ráðstöfunum“: spár um losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka sem ná yfir áhrif af stefnum og ráðstöfunum, með tilliti til skerðingar á losun gróðurhúsalofttegunda, sem hafa verið samþykktar og hrint í framkvæmd,
- 20) „spár með viðbótarráðstöfunum“: spár um losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka sem ná yfir áhrif af stefnum og ráðstöfunum, með tilliti til skerðingar á losun gróðurhúsalofttegunda, sem hafa verið samþykktar og hrint í framkvæmd til að draga úr loftslagsbreytingum, ásamt stefnum og ráðstöfunum sem eru fyrirhugaðar í þeim tilgangi,
- 21) „næmisgreining“: rannsókn á reikniritlíkani eða forsendu til að magngreina hversu viðkvæm eða stöðug frálagsgögn líkansins eru í tengslum við breytileika í ilagsgögnum eða undirliggjandi forsendum. Hún er gerð með mismunandi ilagsgildum eða líkanajöfnum og með því að fylgjast með því hvernig frálag líkansins breytist til samræmis við það,
- 22) „stuðningur í tengslum við það að draga úr loftslagsbreytingum“: stuðningur við starfsemi í þróunarlöndum sem stuðlar að því markmiði að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu í jafnvægi við gildi sem kemur í veg fyrir hættulegar veðurfarsbreytingar af mannavöldum,
- 23) „stuðningur í tengslum við aðlögun að loftslagsbreytingum“: stuðningur við starfsemi í þróunarlöndum sem er ætlað að draga úr varnarleysi mannlegra eða náttúrulegra kerfa gagnvart áhrifum loftslagsbreytinga og áhættu sem tengist loftslagi með því að viðhalda eða auka aðlögunargetu og viðnámsþrótt þróunarlandanna,
- 24) „tæknilegar leiðréttingar“: breytingar á mötum á landsskrám yfir gróðurhúsalofttegundir, sem gerðar eru í tengslum við endurskoðunina sem er framkvæmd skv. 19. gr., ef framlögð gögn úr skrám eru ófullkomin eða tekin saman á einhvern hátt sem er ekki í samræmi við viðeigandi alþjóðlegar reglur eða reglur Sambandsins eða viðmiðunarreglur og sem ætlað

er að koma í staðinn fyrir mót sem voru upphaflega lögð fram,

- 25) „endurútreikningar“: í samræmi við viðmiðunarreglur rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar um skýrslugjöf varðandi árlegar skrár er þetta aðferð til að endurmeta áður sendar skrár um losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka, sem afleiðing af breytingum á þeirri aðferðafræði eða aðferð sem er notuð til að afla og nota losunarstuðla og gögn um starfsemi; inntaka nýrra flokka upptaka eða viðtaka eða nýrra lofttegunda; eða breytingar á hnatthlýnunarmætti gróðurhúsalofttegunda.

2. KAFLI

ÞRÓUNARÁÆTLANIR UM LITLA LOSUN KOLEFNA

4. gr.

Þróunaráætlanir um litla losun kolefna

- Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin, fyrir hönd Sambandsins, skulu útbúa sínar eigin þróunaráætlanir um litla losun kolefna í samræmi við öll skýrslugjafarákvæði, sem eru alþjóðlega samþykkt í tengslum við ferli rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, til að stuðla að:
 - gagnsæri og nákvæmri vöktun á raunverulegum og áætluðum árangri aðildarríkjanna, þ.m.t. framlag vegna ráðstafana Sambandsins, við að uppfylla skuldbindingar Sambandsins og aðildarríkjanna samkvæmt rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar um að takmarka eða draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum,
 - því að uppfylla skuldbindingar aðildarríkjanna um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt ákvörðun nr. 406/2009/EB og ná fram langtímaskerðingu á losun og aukinni upptöku í viðtaka í öllum geirum í samræmi við markmið Sambandsins, í tengslum við nauðsynlega skerðingu hjá þróunarlöndunum sem hópi samkvæmt milliríkjanefndinni um loftslagsbreytingar, um að draga úr losun um 80–95% eigi síðar en árið 2050, samanborið við gildin árið 1990, á kostnaðarhagkvæman hátt.
- Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um stöðu framkvæmdar á þróunaráætlunum sínum um litla losun kolefna, eigi síðar en 9. janúar 2015 eða í samræmi við tímaáætlun sem er alþjóðlega samþykkt í tengslum við ferli rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.
- Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu þegar í stað gera þróunaráætlanir sínar um litla losun kolefna og allar uppfærslur á þeim aðgengilegar almenningi.

3. KAFLI

SKÝRSLUGJÖF UM SÖGULEGA LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA OG UPPTÖKU

5. gr.

Landsbundin skráningarkerfi

- Aðildarríkin skulu koma á fót landsbundnum skráningarkerfum, starfrækja þau og leitast við að bæta þau stöðugt, í samræmi við kröfur rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar varðandi landsbundin kerfi, til að meta losun af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka á gróðurhúsalofttegundum sem eru tilgreindar í 1. viðauka við þessa reglugerð og til að tryggja tímanleika, gagnsæi, nákvæmni, samkvæmni, sambærileika og heildstæðni skrár sinna um gróðurhúsalofttegundir.
- Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær skráningaryfirvöld þeirra hafi aðgang að:
 - gögnum og aðferðum úr skýrslugjöf vegna starfsemi og stöðva samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, í þeim tilgangi að taka saman landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir til að tryggja samræmi að því er varðar tilkynnta losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og í landsskrám yfir gróðurhúsalofttegundir,
 - ef við á, gögnum sem er safnað gegnum skýrslugjafarkerfi fyrir flúoraðar lofttegundir í ýmsum geirum, sem komið er á fót skv. 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006 í þeim tilgangi að taka saman landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir,
 - ef við á, losun, undirliggjandi gögnum og aðferðafræði, sem starfsstöðvar gefa skýrslu um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 166/2006, í þeim tilgangi að taka saman landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir,
 - gögnum úr skýrslugjöf samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1099/2008.
- Aðildarríkin skulu tryggja, ef við á, að lögbær skráningaryfirvöld þeirra:
 - noti skýrslugjafarkerfi, sem var komið á skv. 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006, til að bæta mat á flúoruðum lofttegundum í landsskrám yfir gróðurhúsalofttegundir,
 - séu fær um að annast árlegt eftirlit með samkvæmni sem um getur í 1- og m-lið 1. mgr. 7. gr.
- Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að setja fram reglur um skipulag, snið og framlagningarferli upplýsinga í tengslum við landsbundin skráningarkerfi og kröfur um stofnum, starfrækslu og virkni landsbundinna skráningarkerfa í samræmi við viðkomandi ákvarðanir sem aðilar að rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Kýótó-bókuninni samþykkja eða í samræmi við samkomulag sem leiðir af þeim eða kemur síðar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 26. gr.

6. gr.

Skráningarkerfi Sambandsins

1. Skráningarkerfi Sambandsins, til að tryggja tímanleika, gagnsæi, nákvæmni, samkvæmni, samanburðarhæfi og heildstæðni landsskráa að því er varðar skrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir, er hér með komið á fót. Framkvæmdastjórnin skal stjórná kerfinu, starfrækja það og leitast við að bæta það stöðugt og það skal innihalda:

- áætlun um gæðatryggingu og gæðæftirlit, sem skal innihalda setningu gæðamarkmiða og samningu áætlunar um gæðatryggingu og gæðæftirlit með skránni. Framkvæmdastjórnin skal aðstoða aðildarríkin við að framkvæma áætlunir þeirra um gæðatryggingu og gæðæftirlit,
- málsmeðferð til að meta, í samráði við viðkomandi aðildarríki, hvers kyns gögn sem vantar í landsskrá þess,
- endurskoðanir á skráum aðildarríkjanna yfir gróðurhúsalofttegundir, sem um getur í 19. gr.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 25. gr., sem varða efnislegar kröfur varðandi skráningarkerfi Sambandsins, til að uppfylla skuldbindingarnar samkvæmt ákvörðun 19/CMP.1. Framkvæmdastjórnin skal ekki samþykkja ákvæði skv. 1. mgr. sem er erfiðara fyrir aðildarríkin að hlíta en ákvæðum gerða sem eru samþykktar skv. 3. gr. (3. mgr.) og 4. gr. (2. mgr.) ákvörðunar nr. 280/2004/EB.

7. gr.

Skrár yfir gróðurhúsalofttegundir

1. Eigi síðar en 15. janúar á hverju ári (ár X) skulu aðildarríkin ákvarða og gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um eftirfarandi:

- losun þeirra á gróðurhúsalofttegundum af mannavöldum, sem eru tilgreindar í I. viðauka við þessa reglugerð, og losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB fyrir árið X-2, í samræmi við skýrslugjafarkröfur rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Með fyrirvara um skýrslugjöf um gróðurhúsalofttegundir, sem eru tilgreindar í I. viðauka við þessa reglugerð, skal líta svo á að koltvísýringslosun frá upptakaflokki milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar „I.A.3.A almenningsflug“ sé núll að því er varðar 3. gr. og 1. mgr. 7. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB,
- gögn, í samræmi við skýrslugjafarkröfur rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar um losun þeirra af mannavöldum á kolsýringi (CO), brennisteinstvíoxíði (SO₂), köfnunarefnisoxíðum (NO_x) og rokkgjörnum, lífrænum efnasamböndum, sem eru í samræmi við gögn sem þegar hefur verið gefin skýrsla um skv. 7. gr. tilskipunar 2001/81/EB og samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um mengun sem berst langar leiðir yfir landamæri fyrir árið X-2,
- losun þeirra á gróðurhúsalofttegundum af mannavöldum frá upptökum og upptöku koltvísýrings í víðtaka vegna landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar fyrir árið X-2, í samræmi við skýrslugjafarkröfur rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar,
- losun þeirra á gróðurhúsalofttegundum af mannavöldum frá upptökum og upptöku koltvísýrings í víðtaka vegna starfsemi í tengslum við landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt samkvæmt ákvörðun nr. 529/2013/ESB og Kýótó-bókuninni og upplýsingar um bókhald yfir þessa losun gróðurhúsalofttegunda og upptöku vegna starfsemi í tengslum við landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt, í samræmi við ákvörðun nr. 529/2013/ESB og við 3. og 4. mgr. 3. gr. Kýótó-bókunarinnar og víðeigandi ákvarðanir sem falla undir hana, fyrir árin á bilinu frá 2008, eða önnur víðeigandi ár, til ársins X-2. Ef aðildarríkin bókfæra stjórnun á ræktarlandi, stjórnun á beitarslandi, endurnýjun gróðurs eða framræslu votlendis og endurvætingu þess skulu þau að auki gefa skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda frá upptökum og upptöku í víðtaka fyrir hverja slíka starfsemi fyrir viðkomandi grunnár eða tímabil sem er tilgreint í VI. viðauka við ákvörðun nr. 529/2013/ESB og í viðaukanum við ákvörðun 13/CMP.1. Þegar aðildarríkin uppfylla kvaðir sínar um skýrslugjöf samkvæmt þessum lið og einkum þegar þau leggja fram upplýsingar um losun og upptöku í tengslum við bókhaldsskyldur sínar, sem settar eru fram í ákvörðun nr. 529/2013/ESB, skulu þau leggja fram upplýsingar þar sem tekið er fullt tillit til víðeigandi leiðbeininga milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar um góðar starfsvenjur að því er varðar landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt,
- allar breytingar á upplýsingunum, sem um getur í a- til d-lið fyrir árin á bilinu frá viðkomandi grunnári eða -tímabili til ársins X-3, og tilgreina ástæður fyrir þessum breytingum,
- upplýsingar um vísa eins og sett er fram í III. viðauka, fyrir árið X-2,
- upplýsingar úr landsskrám sínum um útgáfu, kaup, handhöfn, millifærslu, ógildingu, innlausn og yfirfærslu á einingum úthlutaðs magns, bindingareiningum, losunarskerðingareiningum, einingum vottaðrar losunarskerðingar, bráðabirgðaeiningum vottaðrar losunarskerðingar og langtímaeiningum vottaðrar losunarskerðingar fyrir árið X-1,
- samantekt upplýsinga um framkvæmdar millifærslur skv. 4. og 5. mgr. 3. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB fyrir árið X-1,
- upplýsingar um notkun á sameiginlegri framkvæmd, að því er varðar kerfi hreinleikaþróunar og alþjóðleg viðskipti með losunarheimildir skv. 6., 12. og 17. gr. Kýótó-bókunarinnar, eða öðru sveigjanlegu kerfi, sem kveðið er á um í öðrum gerningum, sem ráðstefna samningsaðila að rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða ráðstefna samningsaðila að rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem er fundur aðila að Kýótó-bókuninni, hefur samþykkt, til að standa við skuldbindingar sínar að því er varðar magnbundna takmörkun eða skerðingu á losun skv. 2. gr. ákvörðunar 2002/358/EB og Kýótó-bókuninni eða hvers kyns framtíðarskuldbindingar samkvæmt rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Kýótó-bókuninni, fyrir árið X-2,
- upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að bæta mót á skrá, einkum hlutum skrárinnar sem hefur verið breytt eða ráðleggingar fengist um eftir endurskoðanir sérfræðinga.

- k) raunverulega eða áætlaða úthlutun á sannprófaðri losun sem stöðvar og rekstraraðilar tilkynna um samkvæmt tilskipun 2003/87/EB fyrir upptakaflokka landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir, þar sem því verður við komið, og hlutfall þessarar sannprófuðu losunar af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda sem skýrsla hefur verið gefin um í þessum upptakaflokkum fyrir árið X-2,
- l) ef við á, niðurstöður úr eftirliti sem fram fór varðandi samræmi milli losunar, sem skýrsla er gefin um í skrár yfir gróðurhúsalofttegundir fyrir árið X-2, og sannprófaðrar losunar sem skýrsla er gefin um samkvæmt tilskipun 2003/87/EB,
- m) ef við á, niðurstöður úr eftirliti sem fram fór varðandi samkvæmni gagna sem eru notuð til að meta losun við samantekt á skrár yfir gróðurhúsalofttegundir, fyrir árið X-2, með:
 - i. gögnum sem eru notuð til að taka saman skrár yfir loftmengunarefni samkvæmt tilskipun 2001/81/EB,
 - ii. gögnum úr skýrslugjöf skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006,
 - iii. orkugögnum úr skýrslugjöf skv. 4. gr. og viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1099/2008,
- n) lýsingu á breytingum á landsbundnu skráningarkerfi þeirra,
- o) lýsingu á breytingum á landsskránni,
- p) upplýsingar um áætlanir þeirra um gæðatryggingar og gæðaeftirlit, almennt óvissumat, almennt mat á heildstæðni og, ef þær liggja fyrir, aðra þætti í skýrslunni um landsskrá yfir gróðurhúsalofttegundir sem þarf til að taka saman skrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir.

Á fyrsta skýrslugiðfarárinu samkvæmt þessari reglugerð skulu aðildarríkin upplýsa framkvæmdastjórnina um það hvort þau hyggt nýta sér 4. og 5. mgr. 3. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB.

2. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um bráðabirgðagögn eigi síðar en 15. janúar og endanleg gögn eigi síðar en 15. mars á öðru ári eftir lok hvers uppgjörstímabils, sem er tilgreint í I. viðauka við ákvörðun nr. 529/2013/ESB, eins og þau eru tekin saman fyrir reikninga þeirra yfir landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt fyrir uppgjörstímabilið í samræmi við 6. mgr. 4. gr. þeirrar ákvörðunar.

3. Eigi síðar en 15. mars á hverju ári skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni fullfrágengna, uppfærða skýrslu um landsskrá. Slíkar skýrslur skulu innihalda allar upplýsingarnar sem eru tilgreindar í 1. mgr. og allar síðari uppfærslur á upplýsingunum.

4. Eigi síðar en 15. apríl á hverju ári skulu aðildarríkin leggja landsskrár fyrir skrifstofu rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem innihalda upplýsingarnar sem lagðar eru fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 3. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin skal árlega, í samstarfi við aðildarríkin, taka saman skrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir og semja skýrslu um hana og leggja þær fyrir skrifstofu rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, eigi síðar en 15. apríl á hverju ári.

6. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 25. gr., til að:

- a) bæta við eða fella brott efni úr skránni yfir gróðurhúsalofttegundir í I. viðauka við þessa reglugerð eða bæta við, fella brott eða breyta vísu í III. viðauka við þessa reglugerð, í samræmi við viðeigandi ákvarðanir sem aðilar að rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Kýótó-bókuninni samþykkja eða í samræmi við samkomulag sem leiðir af þeim eða kemur síðar,
- b) taka til greina breytingar á hnatthlúnunarmætti ásamt alþjóðlega samþykktum viðmiðunarreglum um skrár, í samræmi við viðeigandi ákvarðanir sem aðilar að rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Kýótó-bókuninni samþykkja eða í samræmi við samkomulag sem leiðir af þeim eða kemur síðar.

7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að setja fram skipulag, snið og ferli fyrir framlagningu aðildarríkjanna á skrár yfir gróðurhúsalofttegundir skv. 1. mgr. í samræmi við viðeigandi ákvarðanir sem aðilar að rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Kýótó-bókuninni samþykkja eða í samræmi við samkomulag sem leiðir af þeim eða kemur síðar. Í þessum framkvæmdargerðum skal einnig tilgreina tímamörk fyrir samstarf og samræmingu milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna við að semja skýrslu um skrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 26. gr.

8. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að setja fram skipulag, snið og ferli fyrir framlagningu aðildarríkjanna varðandi losun gróðurhúsalofttegunda og upptöku í samræmi við 4. gr. ákvörðunar nr. 529/2013/ESB. Við samþykkt þessara framkvæmdargerða skal framkvæmdastjórnin tryggja samrýmanleika tímaáætlana Sambandsins og skrifstofu rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar vegna vöktunar og skýrslugiðfarar að því er varðar þessar upplýsingar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 26. gr.

8. gr.

Bráðabirgðaskrár yfir gróðurhúsalofttegundir

1. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 31. júlí ár hvert (ár X), þar sem því verður við komið, leggja fyrir framkvæmdastjórnina bráðabirgðaskrár yfir gróðurhúsalofttegundir (e. *approximated greenhouse gas inventories*) fyrir árið X-1. Framkvæmdastjórnin skal árlega, á grundvelli bráðabirgðaskráa aðildarríkjanna yfir gróðurhúsalofttegundir eða, ef aðildarríki hefur ekki sent bráðabirgðaskrá sína fyrir þann dag, á grundvelli eigin mata, taka saman bráðabirgðaskrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir. Framkvæmdastjórnin skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar almenningi eigi síðar en 30. september á hverju ári.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að setja fram skipulag, snið og framlagningarferli fyrir bráðabirgðaskrár aðildarríkjanna yfir gróðurhúsalofttegundir skv. 1. mgr. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 26. gr.

9. gr.

Málsmeðferðarreglur til að ljúka við mót á losun til að taka saman skrá Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma fyrstu athugun á gögnunum sem aðildarríkin leggja fram skv. 1. mgr. 7. gr. m.t.t. nákvæmni. Hún skal senda niðurstöður þeirrar athugunar til aðildarríkjanna innan sex vikna frá því að framlagningarfrestur rann út. Aðildarríkin skulu bregðast við öllum viðeigandi spurningum, sem vakna við fyrstu athugun, eigi síðar en 15. mars ásamt því að leggja fram endanlega skrá fyrir árið X-2.

2. Ef aðildarríki leggur ekki fram gögn úr skrá, sem eru nauðsynleg til að taka saman skrá Sambandsins, eigi síðar en 15. mars, getur framkvæmdastjórnin samið mót til að bæta við gögnin sem aðildarríkið lagði fram, í samráði og nánú samstarfi við hlutaðeigandi aðildarríki. Framkvæmdastjórnin skal í þessu skyni nota viðmiðunarreglurnar sem gilda um samantekt landskrár yfir gróðurhúsalofttegundir.

4. KAFLI

SKRÁR

10. gr.

Stofnun skráa og rekstur þeirra

1. Sambandið og aðildarríkin skulu setja upp og viðhalda skráum til að halda nákvæmt bókhald um útgáfu, handhöfn, millifærslu, kaup, ógildingu, innlaun, yfirfærslu, útskipti eða breytingu á fyrningardagsetningu, eftir því sem við á, á einingum úthlutaðs magns, bindingareiningum, losunarskerðingareiningum, einingum vottaðrar losunarskerðingar, bráðabirgðaeiningum vottaðrar losunarskerðingar og langtímaeiningum vottaðrar losunarskerðingar. Aðildarríkjunum er einnig heimilt að nota þessar skrár til að halda nákvæmt bókhald um einingarnar sem um getur í 5. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

2. Sambandinu og aðildarríkjunum er heimilt að halda skrár sínar í samstæðukerfi með öðru aðildarríki eða öðrum aðildarríkjum.

3. Gögnin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu gerð aðgengileg þeim yfirstjórnanda sem tilnefndur er skv. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

4. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 25. gr. til að koma á fót skrá Sambandsins sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

11. gr.

Innlaun eininga samkvæmt ákvæðum Kýótó-bókunarinnar

1. Að lokinni endurskoðun aðildarríkjanna á landsskrám sínum samkvæmt ákvæðum Kýótó-bókunarinnar fyrir hvert ár fyrsta skuldbindingartímabilsins samkvæmt Kýótó-bókuninni, að meðtöldum lausnum á öllum álitamálum varðandi framkvæmd, skulu þau innleysa úr skránni einingar úthlutaðs magns, bindingareiningar, losunarskerðingareiningar, einingar vottaðrar losunarskerðingar, bráðabirgðaeiningar vottaðrar losunarskerðingar og langtímaeiningar vottaðrar losunarskerðingar sem samsvara nettólosun þeirra á því ári.

2. Að því er varðar síðasta ár fyrsta skuldbindingartímabilsins samkvæmt ákvæðum Kýótó-bókunarinnar skulu aðildarríkin innleysa einingar úr skránni fyrir lok viðbótarfrestsins til að uppfylla skuldbindingarnar sem settar eru fram í ákvörðun 11/CMP.1 frá ráðstefnu samningsaðila að rammamánningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem er fundur aðila að Kýótó-bókuninni.

5. KAFLI

SKÝRSLUGJÖF UM STEFNUR OG RÁÐSTAFANIR OG UM SPÁR VARÐANDI LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA AF MANNAVÖLDUM FRÁ UPPTÖKUM OG UPPTÖKU Í VIÐTAKA

12. gr.

Landsbundin kerfi og kerfi Sambandsins fyrir stefnur og ráðstafanir og spár

1. Eigi síðar en 9. júlí 2015 skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin setja upp landskerfi annars vegar og Sambandskerfi hins vegar, starfrækja þau og leitast við að bæta þau stöðugt, til skýrslugjafar um stefnur og ráðstafanir og til skýrslugjafar um spár varðandi losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka. Þessi kerfi skulu ná yfir viðeigandi stofnanalegt, lagalegt og málsmeðferðarlegt fyrirkomulag, sem komið er á innan aðildarríkis og Sambandsins, til að meta stefnu og gera spár um losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu miða að því að tryggja tímanleika, gagnsæi, nákvæmni, samkvæmni, sambærileika og heildstæðni þeirra upplýsinga sem veittar eru um stefnur og ráðstafanir og spár varðandi losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka, eins og um getur í 13. og 14. gr., þ.m.t. ef við á, notkun og beiting á gögnum, aðferðum og líkönnum, og framkvæmd gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsstarfsemi og næmisgreiningar.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir um skipulag, snið og framlagningarferli upplýsinga um landsbundin kerfi og kerfi Sambandsins fyrir stefnur og ráðstafanir og spár samkvæmt þessari grein (1. og 2. mgr.), 13. gr. og 14. gr. (1. mgr.) og í samræmi við viðeigandi ákvarðanir sem aðilar að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Kýótó-bókuninni samþykkja eða í samræmi við samkomulag sem leiðir af þeim eða kemur síðar. Framkvæmdastjórnin skal tryggja samræmi við alþjóðlega samþykktar skýrslugjafarkröfur sem og samrýmanleika tímaáætlana Sambandsins og alþjóðlegra tímaáætlana fyrir vöktun og skýrslugjöf varðandi þessar upplýsingar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 26. gr.

13. gr.

Skýrslugjöf um stefnur og ráðstafanir

1. Eigi síðar en 15. mars 2015, og á tveggja ára fresti eftir það, skulu aðildarríkin leggja eftirfarandi fyrir framkvæmdastjórnina:

- a) lýsingu á landsbundnu kerfi þeirra til skýrslugjafar um stefnur og ráðstafanir eða flokka ráðstafana og til skýrslugjafar um spár um losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka skv. 1. mgr. 12. gr., ef slík lýsing hefur ekki þegar verið gefin, eða upplýsingar um allar breytingar sem gerðar hafa verið á kerfinu ef slík lýsing hefur þegar verið gefin,
- b) uppfærslur sem eiga við um þróunaráætlanir þeirra um litla losun kolefna, sem um getur í 4. gr., og framvindu að því er varðar framkvæmd þessara áætlana,
- c) upplýsingar um landsbundnar stefnur og ráðstafanir eða flokka ráðstafana og um framkvæmd á stefnum Sambandsins og ráðstöfunum eða flokkum ráðstafana, sem takmarka eða draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá upptökum eða auka upptöku í viðtaka, sett fram eftir geirum og raðað eftir lofttegund eða hópum lofttegunda (vetnisflúorkolefni og perflúorkolefni) sem eru tilgreindar í I. viðauka. Þessar upplýsingar skulu eiga við um gildandi og viðeigandi landsbundnar stefnur eða stefnur Sambandsins og skulu innihalda:
 - i. markmið stefnunnar eða ráðstöfunarinnar og stutta lýsingu á stefnunni eða ráðstöfuninni,
 - ii. eðli aðferða til að framfylgja stefnunni,
 - iii. stöðu framkvæmdar á stefnunni eða ráðstöfununum eða flokki ráðstafananna,
 - iv. vísa, ef þeir eru notaðir, til að vakta og meta framvindu með tímanum,
 - v. ef þau liggja fyrir, meginndleg mót á áhrifum af losun gróðurhúsalofttegunda frá upptökum og upptöku í viðtaka, sundurliðuð í:
 - niðurstöður úr *fyrirframmötum* á áhrifum af stefnu eða ráðstöfunum eða flokkum stefna eða ráðstafana til að draga úr loftslagsbreytingum. Leggja skal fram mót fyrir næstu fjögur ár í röð í framtíðinni, sem enda á 0 eða 5, eftir skýrslugjafarárið, þar sem gerður er greinarmunur á losun gróðurhúsalofttegunda sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB og sem fellur undir ákvörðun nr. 406/2009/EB,
 - niðurstöður úr *eftirámötum* á áhrifum af stefnu eða ráðstöfunum eða flokkum stefna eða ráðstafana og ráðstafana til að draga úr loftslagsbreytingum, þar sem gerður er greinarmunur á losun gróðurhúsalofttegunda sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB og sem fellur undir ákvörðun nr. 406/2009/EB,
 - vi. ef þau liggja fyrir, mót á áætluðum kostnaði og ávinningi af stefnum og ráðstöfunum sem og mót, eins og við á, á raunverulegum kostnaði og ávinningi af stefnum og ráðstöfunum,
 - vii. ef þær liggja fyrir, allar tilvísanir í mót og tæknilegu stuðningsskýrslurnar sem um getur í 3. mgr.,
- d) upplýsingar sem um getur í d-lið 1. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB,
- e) upplýsingar um að hvaða marki aðgerðir aðildarríkisins eru marktækur hluti landsbundinna aðgerða sem og að hvaða marki áætluð notkun á sameiginlegum framkvæmdum, kerfi hreinleikaþróunar og alþjóðaviðskiptum með losunarheimildir eru til viðbótar við aðgerðir innanlands, í samræmi við viðkomandi ákvæði Kýótó-bókunarinnar og ákvarðanir sem eru samþykktar samkvæmt henni.

2. Aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni allar verulegar breytingar á upplýsingunum, sem veittar eru samkvæmt þessari grein á fyrsta ári skýrslutímabilsins, eigi síðar en 15. mars á næsta ári eftir síðustu skýrslu.

3. Aðildarríkin skulu gera hvers kyns viðeigandi mat á kostnaði og áhrifum af landsbundnum stefnum og ráðstöfunum, ef það liggur fyrir, og allar viðeigandi upplýsingar um framkvæmd á stefnum og ráðstöfunum Sambandsins, sem takmarka eða draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá upptökum eða auka upptöku í viðtaka, aðgengileg almenningi á rafrænu formi ásamt öllum fyrirbyggjandi, tæknilegum skýrslum sem renna stöðum undir þessi mót. Þessi mót ættu að innihalda lýsingar á líkönum og aðferðafræðilegum aðferðum sem eru notaðar, skilgreiningar og undirliggjandi forsendur.

14. gr.

Skýrslugjöf um spár

1. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu, eigi síðar en 15. mars 2015 og á tveggja ára fresti eftir það, um landsspár varðandi losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka, raðað eftir lofttegund eða hópum lofttegunda (vetnisflúorkolefni og perflúorkolefni), sem eru tilgreindar í I. viðauka, og eftir geirum. Þessar spár skulu innihalda meginndleg mót fyrir næstu fjögur ár í röð í framtíðinni, sem enda á 0 eða 5, eftir skýrslugjafarárið. Í landsspám skal taka tillit til allra stefna og ráðstafana, sem eru samþykktar á vettvangi Sambandsins, og þær skulu innihalda:

- a) spár án ráðstafana ef þær liggja fyrir, spár með ráðstöfunum og, ef þær liggja fyrir, spár með viðbótarráðstöfunum,
- b) spár um heildarlosun gróðurhúsalofttegunda og aðskilin mót um áætlaða losun gróðurhúsalofttegunda fyrir þau upptök losunar sem falla undir tilskipun 2003/87/EB og ákvörðun nr. 406/2009/EB,

- c) áhrif af stefnum og ráðstöfunum sem eru tilgreindar skv. 13. gr. Ef slíkar stefnur og ráðstafanir eru ekki innifaldar skal það koma skýrt fram og útskýrt,
 - d) niðurstöður úr næmisgreiningu sem gerð er fyrir spárnar,
 - e) allar viðeigandi tilvísanir í matið og tæknilegu skýrslunum sem renna stoðum undir spárnar sem um getur í 4. mgr.
2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni allar verulegar breytingar á upplýsingunum, sem veittar eru samkvæmt þessari grein á fyrsta ári skýrslutímabilsins, eigi síðar en 15. mars á næsta ári eftir síðustu skýrslu.
 3. Aðildarríkin skulu greina frá allra nýjustu spánum sem liggja fyrir. Ef aðildarríki leggur ekki fram fullfrágengin mót um spár fyrir 15. mars annað hvert ár og framkvæmdastjórnin hefur staðfest að viðkomandi aðildarríki geti ekki fyllt í eyður í mótunum, sem komu í ljós í málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar við gæðatryggingu eða gæðaeftirlit, er framkvæmdastjórninni heimilt, í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki, að semja mót, eins og nauðsyn krefur, til að taka saman spár Sambandsins.
 4. Aðildarríkin skulu gera landsspár sínar um losun gróðurhúsalofttegunda frá upptökum og upptöku í viðtaka aðgengilegar almenningi á rafrænu formi ásamt tæknilegu skýrslunum sem renna stoðum undir þessar spár. Þessar spár skulu innihalda lýsingar á líkönum og aðferðafræðilegum aðferðum sem eru notaðar, skilgreiningar og undirliggjandi forsendur.

6. KAFLI

SKÝRSLUGJÖF UM AÐRAR UPPLÝSINGAR SEM SKIPTA MÁLI VEGNA LOFTSLAGSBREYTINGA

15. gr.

Skýrslugjöf um landsbundnar aðlögunaraðgerðir

Eigi síðar en 15. mars 2015 og á fjögurra ára fresti eftir það, lagað að sömu tímasetningum og þegar aðildarríkin gefa skýrslu til skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, skulu þau gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um upplýsingar, sem varða landsbundnar aðlögunaráætlanir og áætlanir, og gera grein fyrir aðgerðum sem hafa verið framkvæmdar eða eru fyrirhugaðar til að greiða fyrir aðlögun að loftslagsbreytingum. Þær upplýsingar skulu innihalda helstu markmið og áhrifaflokk loftslagsbreytinga sem fjallað er um, þ.m.t. flóð, hækkun sjávarmáls, mikill hiti, þurrkar og aðrar veðurhamfarir.

16. gr.

Skýrslugjöf um fjárstuðning og tæknistuðning sem þróunarlöndum er veittur

1. Aðildarríkin skulu starfa með framkvæmdastjórninni til að gera Sambandinu og aðildarríkjum þess kleift að gefa tímanlegar og samfelldar skýrslur um stuðning sem þróunarlöndunum er veittur í samræmi við viðeigandi ákvæði rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, eftir því sem við á, þ.m.t. öll sameiginleg snið sem eru samþykkt samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, og tryggja árlega skýrslugjöf eigi síðar en 30. september.
2. Aðildarríkin skulu, þar sem við á eða gildir samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, leitast við að veita upplýsingar um fjárstreymi sem byggir á svokölluðum „Río-merkjum“ (e. *Rio marker*) fyrir stuðning í tengslum við að draga úr loftslagsbreytingum og stuðning í tengslum við að aðlagast loftslagsbreytingum, sem þróunaraðstoðarnefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar innleiddi, og aðferðafræðilegar upplýsingar sem varða framkvæmd aðferða við Río-merkin vegna loftslagsbreytinga.
3. Ef gefnar eru upplýsingar um virkjun einkafjárstreymis skulu fylgja þeim upplýsingar um skilgreiningar og aðferðafræði sem er notuð til að ákvarða tölur.
4. Í samræmi við ákvarðanir, sem aðilar að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Kýótó-bókuninni samþykkja eða í samræmi við samkomulag sem leiðir af þeim eða kemur síðar, skulu upplýsingar um veittan stuðning innihalda upplýsingar um stuðning við mildun, aðlögun, stuðning við uppbyggingu á færni og tæknifyrfærslu og, ef unnt er, upplýsingar um hvort fjármagn er nýtt og viðbætt.

17. gr.

Skýrslugjöf um notkun tekna af uppboðum og verkefnatengdum inneignum

1. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 31. júlí ár hvert (ár X), leggja fyrir framkvæmdastjórnina varðandi árið X-1:
 - a) ítarlegan rökstuðning, eins og um getur í 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB,
 - b) upplýsingar um notkun tekna á árinu X-1, vegna uppboða aðildarríkjanna á losunarheimildum skv. 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB, þ.m.t. upplýsingar um slíkar tekjur sem hafa verið notaðar í einhverjum þeim tilgangi sem er tilgreindur í 3. mgr. 10. gr. þeirrar tilskipunar, eða jafngildi þeirra tekna metið til fjár, og aðgerðir sem gripið var til samkvæmt þeirri grein,
 - c) upplýsingar um notkun, samkvæmt ákvörðun aðildarríkisins, allra tekna aðildarríkisins af uppboðum á losunarheimildum vegna flugs skv. 1. eða 2. mgr. 3. gr. d í tilskipun 2003/87/EB; þessar upplýsingar skal veita í samræmi við 4. mgr. 3. gr. d í þeirri tilskipun,
 - d) upplýsingarnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB og upplýsingar um hvernig stefna þeirra varðandi kaup eflir árangur af alþjóðasamningi um loftslagsbreytingar,
 - e) upplýsingar sem varða beitingu 6. mgr. 11. gr. b. í tilskipun 2003/87/EB að því er varðar verkefnistengdar aðgerðir á sviði raforkuframleiðslu með vatnsafl, þar sem framleiðslugetan er meiri en 20 MW.
2. Uppboðstekjur, sem ekki eru greiddar þegar aðildarríki leggur skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina samkvæmt þessari gerð, skal magngreina og tilkynna um í skýrslum fyrir næstu ár.

3. Aðildarríkin skulu gera skýrslurnar, sem lagðar eru fyrir framkvæmdastjórnina samkvæmt þessari grein, aðgengilegar almenningi. Framkvæmdastjórnin skal gera samanlagðar upplýsingar Sambandsins aðgengilegar almenningi á aðgengilegan hátt.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að setja fram skipulag, snið og framlagningarferli fyrir skýrslugjöf aðildarríkjanna um upplýsingar samkvæmt þessari grein. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 26. gr.

18. gr.

Tveggja ára skýrslur og landsskýrslur

1. Sambandið og aðildarríkin skulu leggja tveggja ára skýrslur, í samræmi við ákvörðun 2/CP.17 frá ráðstefnu samningsaðila að rannsóknarmálsmeðferðina um loftslagsbreytingar (ákvörðun 2/CP.17) eða síðari, viðeigandi ákvarðanir sem aðilar að rannsóknarmálsmeðferðina um loftslagsbreytingar, fyrir skrifstofu rannsóknarmálsmeðferðina um loftslagsbreytingar.

2. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té afrit af landsskýrslunum og tveggja ára skýrslunum sem lagðar eru fyrir skrifstofu rannsóknarmálsmeðferðina um loftslagsbreytingar.

7. KAFLI

SÉRFRÆÐIENDURSKOÐUN SAMBANDSINS Á LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

19. gr.

Endurskoðun á skrá

1. Framkvæmdastjórnin skal annast ítarlega endurskoðun á landsbundnum gögnum úr skrá, sem aðildarríkin lögðu fram skv. 7. gr. (4. mgr.) þessarar reglugerðar, til að ákvarða árlega úthlutun losunareininga, sem kveðið er á um í 3. gr. (fjórða undirgrein 2. mgr.) ákvörðunar nr. 406/2009/EB, vegna beitingar 20. og 27. gr. þessarar reglugerðar og með það fyrir augum að vakta hvernig aðildarríkjunum gengur að ná markmiðum sínum um að draga úr eða takmarka losun gróðurhúsalofttegunda skv. 3. og 7. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB á þeim árum þegar ítarleg endurskoðun er framkvæmd.

2. Framkvæmdastjórnin skal árlega meta landsbundin gögn úr skrá sem aðildarríkin leggja fram skv. 7. gr. (1. mgr.) þessarar reglugerðar, þar sem byrjað er á gögnum úr skýrslugjöf fyrir árið 2013, sem skipta máli til að vakta skerðingu eða takmörkun aðildarríkjanna á losun gróðurhúsalofttegunda skv. 3. og 7. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB og samkvæmt öllum öðrum markmiðum um að draga úr eða takmarka losun gróðurhúsalofttegunda sem sett eru fram í lögjöf Sambandsins. Aðildarríkin skulu taka fullan þátt í því ferli.

3. Ítarlega endurskoðunin, sem um getur í 1. mgr., skal fela í sér:

- athugun til að staðfesta gagnsæi, nákvæmni, samkvæmni, samanburðarhæfi og heildstæðni framlagðra upplýsinga,
- athugun til að greina tilvik þar sem gögn úr skrá eru tekin saman á einhvern hátt, sem er ekki í samræmi við leiðbeiningar rannsóknarmálsmeðferðina um loftslagsbreytingar varðandi skjalahald eða reglur Sambandsins, og
- eftir því sem við á, útreikning á nauðsynlegum, tæknilegum leiðréttingum sem af þessu leiða, í samráði við aðildarríkin.

4. Árlegar endurskoðanir skulu innihalda athuganir sem settar eru fram í a-lið 3. mgr. Ef aðildarríki fer fram á það í samráði við framkvæmdastjórnina eða þar sem þessar athuganir leiða í ljós mikilvæg álitamál, s.s.:

- ráðleggingar frá fyrri endurskoðunum Sambandsins eða rannsóknarmálsmeðferðina um loftslagsbreytingar, sem hefur ekki verið farið eftir, eða spurningar sem aðildarríki hefur ekki útskýrt, eða
- ofmat eða vanmat í tengslum við lykilmál í skrá aðildarríkis,

skal árleg endurskoðun fyrir hlutaðeigandi aðildarríki einnig innihalda athuganir sem settar eru fram í b-lið 3. mgr. til að unnt sé að framkvæma útreikningana sem settir eru fram í c-lið 3. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að ákvarða tímasetningu og þrep til að framkvæma ítarlegu endurskoðunina og árlegu endurskoðunina, sem um getur annars vegar í 1. mgr. og hins vegar í 2. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. verkefni sem sett eru fram í 3. og 4. mgr. þessarar greinar, og tryggja nægt samráð við aðildarríkin að því er varðar niðurstöður endurskoðunarinnar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 26. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, ákvarða heildarsummu losunar fyrir viðkomandi ár, sem leiðir af leiðréttingum úr skrá fyrir hvert aðildarríki, við lok viðkomandi endurskoðunar.

7. Gögn fyrir hvert aðildarríki sem eru skráð í skránnar, sem komið er á skv. 11. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB og 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB, fjórum mánuðum eftir birtingu framkvæmdargerðar sem er samþykkt skv. 6. mgr. þessarar greinar, skulu skipta máli fyrir beitingu 1. mgr. 7. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB. Þetta nær yfir breytingar á slíkum gögnum sem verða í kjölfar þess að hlutaðeigandi aðildarríki nýtir sér sveigjanleika sinn skv. 3. og 5. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB.

20. gr.

Umfjöllun um áhrif endurútreikninga

1. Þegar ítarlegri endurskoðun á gögnum úr skrá sem varða árið 2020 er lokið skv. 19. gr. skal framkvæmdastjórnin reikna út, í samræmi við formúluna sem sett er fram í II. viðauka, summu áhrifa af endurútreiknaðri losun gróðurhúsalofttegunda fyrir hvert aðildarríki.
2. Með fyrirvara um 2. mgr. 27. gr. þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin m.a. nota summuna, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, þegar hún leggur til markmið fyrir hvert aðildarríki um að draga úr eða takmarka losun á tímabilinu eftir árið 2020 skv. 14. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB.
3. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað birta niðurstöður útreikninga sem gerðir eru skv. 1. mgr.

8. KAFLI

SKÝRSLUGJÖF UM FRAMVINDU VIÐ AÐ UPPFYLLA SKULDBINDINGAR SAMBANDSINS OG ALÞJÓÐLEGAR SKULDBINDINGAR

21. gr.

Skýrslugjöf um framvindu

1. Framkvæmdastjórnin skal meta árlega, á grundvelli upplýsinga sem veittar eru samkvæmt þessari reglugerð og í samráði við aðildarríkin, framvindu Sambandsins og aðildarríkja þess við að uppfylla eftirfarandi, með það fyrir augum að ákvarða hvort fullnægjandi árangur hefur náðst:
 - a) skuldbindingar skv. 4. gr. rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og 3. gr. Kýótó-bókunarinnar, sem nánar er sett fram í ákvörðuninum sem ráðstefna samningsaðila að rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða ráðstefna samningsaðila að rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem er fundur aðila að Kýótó-bókuninni, samþykkir. Slíkt mat skal byggjast á upplýsingum sem veittar eru í samræmi við 7., 8. og 10. gr. og 13.–17. gr.,
 - b) skuldbindingar sem settar eru fram í 3. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB. Slíkt mat skal byggjast á upplýsingum sem veittar eru í samræmi við 7., 8., 13. og 14. gr.
2. Framkvæmdastjórnin skal meta, annað hvert ár, heildaráhrif flugs á loftslagið í heiminum, þ.m.t. af annarri losun en koltvísýringslosun eða áhrifum sem byggjast á losunargögnum sem aðildarríkin leggja fram skv. 7. gr., og bæta það mat með vísun í framfarir í vísindum og flugumferðargögn, eins og við á.
3. Eigi síðar en 31. október ár hvert skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem teknar eru saman niðurstöður matsins sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr.

22. gr.

Skýrsla um viðbótarfrest til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt ákvæðum Kýótó-bókunarinnar

Sambandið og hvert aðildarríki skulu leggja skýrslu fyrir skrifstofu rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar varðandi viðbótarfrestinn, sem um getur í 3 lið ákvörðunar 13/CMP.1, til að uppfylla skuldbindingar þegar sá frestur rennur út.

9. KAFLI

SAMSTARF OG STUÐNINGUR

23. gr.

Samstarf milli aðildarríkjanna og Sambandsins

Aðildarríkin og Sambandið skulu hafa fullt samstarf og samræmingu sín á milli í tengslum við skuldbindingar samkvæmt þessari reglugerð að því er varðar:

- a) samantekt á skrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir og samningu skýrslu um hana skv. 5. mgr. 7. gr.,
- b) að taka saman landsskýrslu Sambandsins skv. 12. gr. rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og tveggja ára skýrslu Sambandsins samkvæmt ákvörðun 2/CP.17 eða síðari, viðeigandi ákvörðunum sem aðilar að rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar samþykktu,
- c) endurskoðunar- og reglufylgnaðferðir samkvæmt rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótó-bókuninni í samræmi við allar gildandi ákvarðanir samkvæmt rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Kýótó-bókuninni sem og málsmeðferð Sambandsins við endurskoðun á skrá aðildarríkjanna yfir gróðurhúsalofttegundir sem um getur í 19. gr. þessarar reglugerðar,
- d) allar breytingar skv. 2. mgr. 5. gr. Kýótó-bókunarinnar eða í kjölfar endurmatsferlis Sambandsins, sem um getur í 19. gr. þessarar reglugerðar, eða aðrar breytingar á skrá og skýrslum um skrár sem lagðar eru fram, eða sem leggja á fram, fyrir skrifstofu rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar,
- e) samantekt á bráðabirgðaskrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir skv. 8. gr.,
- f) skýrslugjöf í tengslum við innlausn eininga úthlutaðs magns, bindingareininga, losunarskerðingareininga, eininga vottaðrar losunarskerðingar, bráðabirgðaeininga vottaðrar losunarskerðingar og langtímaeininga vottaðrar losunarskerðingar eftir viðbótarfrestinn sem um getur í 14. lið ákvörðunar 13/CMP.1 til að uppfylla skuldbindingar skv. 1. mgr. 3. gr. Kýótó-bókunarinnar.

24. gr.

Hlutverk Umhverfisstofnunar Evrópu

Umhverfisstofnun Evrópu skal aðstoða framkvæmdastjórnina í starfi sínu við að fara að 6.–9., 12.–19., 21. og 22. gr. í samræmi við árlega vinnuáætlun sína. Þetta skal fela í sér aðstoð við að:

- a) taka saman skrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir og semja skýrslu um hana,
- b) annast gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsaðferðir til að taka saman skrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir,
- c) taka saman mót um gögn sem ekki eru tilkynnt í landsskrám yfir gróðurhúsalofttegundir,
- d) annast endurskoðanir,
- e) taka saman bráðabirgðaskrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir,
- f) taka saman upplýsingar sem aðildarríkin veita um stefnur og ráðstafanir og spár,
- g) annast gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsaðferðir varðandi upplýsingar sem aðildarríkin veita um spár og stefnur og ráðstafanir,
- h) taka saman mót um gögn varðandi spár sem aðildarríkin tilkynna ekki um,
- i) taka saman gögn eins og kraftist er fyrir ársskýrsluna til Evrópuþingsins og ráðsins sem framkvæmdastjórnin semur,
- j) miðla upplýsingum sem er safnað samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. að viðhalda og uppfæra gagnagrunn um stefnur og ráðstafanir aðildarríkjanna til að draga úr losun og um evrópska loftslagsaðlögunarvettvanginn í tengslum við áhrif, veikleika og aðlögun að loftslagsbreytingum.

10. KAFLI

FRAMSAL

25. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 6., 7. og 10. gr., á fimm ára tímabili sem hefst frá og með 8. júlí 2013. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 6., 7. og 10. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 6., 7. og 10. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

11. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

26. gr.

Nefndar meðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um loftslagsbreytingar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

27. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða reglulega samræmi vöktunar- og skýrslugjafarákvæðanna samkvæmt þessari reglugerð við framtíðarákvarðanir sem varða rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótó-bókunina eða aðra löggjöf Sambandsins. Framkvæmdastjórnin skal einnig meta reglulega hvort þróun innan ramma rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar skapar aðstæður þar sem skuldbindingar samkvæmt þessari reglugerð eru ekki lengur nauðsynlegar, ekki í réttu hlutfalli við samsvarandi ávinning, þarfnast breytinga eða eru ekki í samræmi við kröfur um skýrslugjöf samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða eru tvítekning á þeim, og skal leggja fram tillögu, ef við á, að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið.
2. Eigi síðar en í desember 2016 skal framkvæmdastjórnin kanna hvort áhrifin af notkun viðmiðunarreglna milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar frá 2006 um landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir eða verulegar breytingar á aðferðum í

rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem eru notaðar við að ákvarða skrár um gróðurhúsalofttegundir, leiða til meiri en 1% mismunar á heildarlosun aðildarríkis á gróðurhúsalofttegundum, sem skiptir máli vegna 3. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB, og er heimilt að endurskoða árlega úthlutun losunarheimilda aðildarríkjanna eins og kveðið er á um í fjórðu undirgrein 2. mgr. 3. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB.

28. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun nr. 280/2004/EB er hér með felld úr gildi. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartölflunni í IV. viðauka.

29. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 21. maí 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
forseti.
M. SCHULZ

Fyrir hönd ráðsins,
forseti.
L. CREIGHTON

I. VIÐAUKI
GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR

Koltvísýringur (CO₂)

Metan (CH₄)

Nituroxíð (N₂O)

Brennisteinshexaflúoríð (SF₆)

Köfnunarefnistríflúoríð (NF₃)

Vetnisflúorkolefni (HFC):

- HFC-23 CHF₃
- HFC-32 CH₂F₂
- HFC-41 CH₃F
- HFC-125 CHF₂CF₃
- HFC-134 CHF₂CHF₂
- HFC-134a CH₂FCF₃
- HFC-143 CH₂FCHF₂
- HFC-143a CH₃CF₃
- HFC-152 CH₂FCH₂F
- HFC-152a CH₃CHF₂
- HFC-161 CH₃CH₂F
- HFC-227ea CF₃CHF₂CF₃
- HFC-236cb CF₃CF₂CH₂F
- HFC-236ea CF₃CHFCHF₂
- HFC-236fa CF₃CH₂CF₃
- HFC-245fa CHF₂CH₂CF₃
- HFC-245ca CH₂FCF₂CHF₂
- HFC-365mfc CH₃CF₂CH₂CF₃
- HFC-43-10mee CF₃CHFCHFCF₂CF₃ eða (C₅H₂F₁₀)

Perflúorkolefni (PFC):

- PFC-14, perflúormetan, CF₄
- PFC-116, perflúoretan, C₂F₆
- PFC-218, perflúorprópan, C₃F₈
- PFC-318, perflúorsýklóbútan, c-C₄F₈
- Perflúorsýklóprópan c-C₃F₆
- PFC-3-1-10, perflúorbútan, C₄F₁₀
- PFC-4-1-12, perflúorpentan, C₅F₁₂
- PFC-5-1-14, perflúorhexan, C₆F₁₄
- PFC-9-1-18, C₁₀F₁₈

*II. VIÐAUKI***Summa áhrifa af endurútreiknaðri losun gróðurhúsalofttegunda frá aðildarríki eins og um getur í 1. mgr. 20. gr.**

Reikna skal summu áhrifa af endurútreiknaðri losun gróðurhúsalofttegunda frá aðildarríki með því að nota eftirfarandi formúlu:

$$\sum_{i=2013}^{2020} [t_{i,2022} - e_{i,2022} - (t_i - e_{i,i+2})]$$

Þar sem:

- t_i er árleg úthlutun losunarheimilda aðildarríkis á árinu i , eins og ákvarðað er skv. 3. gr. (fjórði liður 2. mgr.) og 10. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB, annaðhvort eins og ákvarðað er árið 2012 eða, ef við á, eins og ákvarðað er árið 2016 á grundvelli endurskoðunar sem er framkvæmd í samræmi við 27. gr. (2. mgr.) þessarar reglugerðar og skv. 3. gr. (2. mgr.) ákvörðunar nr. 406/2009/EB,
- $t_{i,2022}$ er árleg úthlutun losunarheimilda aðildarríkis fyrir árið i samkvæmt fjórða lið 2. mgr. 3. gr. og 10. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB, eins og hún hefði verið reiknuð ef endurskoðuð gögn úr skrá, sem lögð voru fram árið 2022, hefðu verið notuð sem ílag,
- $e_{i,j}$ er losun aðildarríkis á gróðurhúsalofttegundum fyrir árið i eins og fastsett er samkvæmt gerðum sem framkvæmdastjórnin samþykkir skv. 6. mgr. 19. gr. eftir endurskoðun sérfræðinga á skrá á ári j .

III. VIÐAUKI
SKRÁ YFIR ÁRLEGA VÍSA

Tafla 1: skrá yfir forgangsvísa ⁽¹⁾

Nr.	Nafnakerfi í orkunýtnivísium Hagstofu Evrópusambandsins	Vísir	Teljari/nefnari	Leiðbeiningar/skilgreiningar ⁽²⁾ ⁽³⁾
1	FJÖLVI	Heildarkoltvísyringsstig miðað við verga landsframleiðslu, t/milljónir evra	Heildarlosun koltvísyrings, kt.	Heildarlosun koltvísyrings (að undanskilinni landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt) eins og greint er frá í staðlaða skýrslusniðinu.
			Verg landsframleiðsla, milljarðar evra (EB95)	Verg landsframleiðsla á föstu verðlagi 1995 (heimild: Þjóðhagsreikningar).
2	FJÖLVI B0	Orkutengt koltvísyringsstig miðað við verga landsframleiðslu, t/milljónir evra	Losun koltvísyrings frá orkunotkun, kt.	Losun koltvísyrings frá bruna jarðefnaeldsneytis (upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A, geiratengd aðferð).
			Verg landsframleiðsla, milljarðar evra (EB95)	Verg landsframleiðsla á föstu verðlagi 1995 (heimild: Þjóðhagsreikningar)
3	FLUTNINGAR C0	Losun koltvísyrings frá fólksbifreiðum, kt.		Losun koltvísyrings frá bruna jarðefnaeldsneytis fyrir alla flutningastarfsemi með fólksbifreiðum (bifreiðar sem eru fyrst og fremst ætlaðar til flutninga á fólki og rúma 12 manns eða færri; málgildi heildarþyngdar ökutækis er 3.900 kg eða minna — upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A3bi).
		Fjöldi kílómetra með fólksbifreiðum, Mkm		Fjöldi ökutækjakílómetra með fólksbifreiðum (heimild: hagskýrslur um flutninga). <i>Aths:</i> gögn um starfsemi skulu vera í samræmi við gögn um losun, ef unnt er.
4	IÐNAÐUR A1	Orkutengt koltvísyringsstig í iðnaði, t/milljónir evra	Losun koltvísyrings frá iðnaði, kt.	Losun frá bruna jarðefnaeldsneytis í framleiðslu iðnaði, byggingarstarfsemi, námugreftri og grjótnámi (að undanskildum kolanámum og olíu- og jarðgasvinnslu), þ.m.t. bruna til að framleiða raforku og varma (upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A2). Orka sem er notuð til flutninga í iðnaði skal ekki talin með hér heldur í vísium um flutninga. Losun frá vélum utan vega og færanlegum vélum í iðnaði skal talin með í þessum geira.
			Vergt vinnsluvirði í iðnaði, milljarðar evra (EB95)	Vergt vinnsluvirði á föstu verðlagi 1995 í framleiðslu iðnaði (atvinnugreinaflokkur Evrópusambandsins 15–22, 24–37), byggingarstarfsemi (atvinnugreinaflokkur Evrópubandalaganna 45) og námugreftri og grjótnámi (að undanskildum kolanámum og olíu- og jarðgasvinnslu) (atvinnugreinaflokkur Evrópubandalaganna 13–14) (heimild: Þjóðhagsreikningar).
5	HEIMILI A.1	Sértæk losun koltvísyrings frá heimilum, t/húsnæði	Losun koltvísyrings frá notkun jarðefnaeldsneytis á heimilum, kt	Losun koltvísyrings frá bruna jarðefnaeldsneytis á heimilum (upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A4b).
			Samtals íbúðarhúsnæði í notkun allt árið, 1000	Samtals íbúðarhúsnæði í notkun allt árið.
6	ÞJÓNUSTA A0	Koltvísyringsstig í viðskipta- og haggeiranum, t/milljónir evra	Losun koltvísyrings frá notkun jarðefnaeldsneytis í viðskipta- og haggeiranum, kt.	Losun koltvísyrings frá bruna jarðefnaeldsneytis í viðskipta- og stofnana-húsnæði í opinbera geiranum og einkageiranum (upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A4a). Orka sem er notuð til flutninga í þjónustu skal ekki talin með hér heldur í vísium um flutninga.
			Vergt vinnsluvirði í þjónustu, milljarðar evra (EB95)	Vergt vinnsluvirði á föstu verðlagi 1995 í þjónustu (atvinnugreinaflokkur Evrópusambandsins 41, 50, 51, 52, 55, 63, 64, 65, 66, 67, 70, 71, 72, 73, 74, 75, 80, 85, 90, 91, 92, 93, 99) (heimild: Þjóðhagsreikningar).
7	UMBREYTING B0	Sértæk losun koltvísyrings frá orkuverum til almenningsnota og eigin nota, t/TJ	Losun koltvísyrings frá varmaorkuverum til almenningsnota og eigin nota, kt.	Losun koltvísyrings frá öllum bruna jarðefnaeldsneytis vegna vergrar raforku- og varmaframleiðslu varmaorkuvera til almenningsnota og eigin nota og sambættra varma- og raforkuvinnsluvera. Losun frá orkuverum sem framleiða eingöngu varma er ekki talin með.
			Allar vörur — framleiðsla varmaorkuvera til almenningsnota og eigin nota, PJ	Verg raforkuframleiðsla og allur varmi sem er seldur þriðja aðila (sambætt varma- og raforkuver — CHP) frá varmaorkuverum til almenningsnota og eigin nota og sambættum varma- og raforkuvinnsluverum. Framleiðsla frá orkuverum sem framleiða eingöngu varma er ekki talin með. Aðalstarfsemi varmavera til almenningsnota er að framleiða raforku (og varma) til sölu til þriðja aðila. Þau geta verið í einka- eða almenningsseign. Starfsemi varmaorkuvera sem framleiða til eigin nota er að framleiða raforku (og varma), að öllu leyti eða að hluta til eigin notkunar sem stýður við aðalstarfsemi þeirra. Verg raforkuframleiðsla er

				mæld við úttak aðalspennubreyta, þ.e. notkun raforku í aukabúnaði versins og í spennubreytum þess er talin með. (heimild: orkujöfnuður).
--	--	--	--	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

(¹) Aðildarríkin skulu tilgreina teljara og nefnara ef þeir koma ekki fram í staðlaða skýrslusniðinu.

(²) Aðildarríkin skulu fylgja þessum leiðbeiningum. Ef þau geta ekki fylgt þessum leiðbeiningum nákvæmlega eða ef nefnari og teljari samrýmast ekki fullkomlega skulu aðildarríkin tilgreina það með skýrum hætti.

(³) Tilvisunin til upptakaflokka milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar vísar til: Milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar 1996, leiðbeiningar milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar (IPCC) um landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir, endurskoðaðar 1996.

Tafla 2: skrá yfir viðbótarforgangsvísu (⁴)

Nr.	Nafnakerfi í orkunýtnivísu Hagstofu Evrópusambandsins	Vísir	Teljari/nefnari	Leiðbeiningar/skilgreiningar (⁵)
1	FLUTNINGAR D0	Losun koltvísyrings frá vöruflutningum á vegum, kt.		Losun koltvísyrings frá bruna jarðefnaeldsneytis fyrir alla flutningastarfsemi með léttum vörubifreiðum (ökutæki með heildarþyngd sem er 3.900 kg eða minni, sem eru fyrst og fremst ætluð til flutninga á léttum farmi eða sem eru búin sérstökum búnaði, s.s. fjórhjóladrifi fyrir utanvegaakstur — upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A3bii) og þungum vörubifreiðum (öll ökutæki með heildarþyngd sem er yfir 3.900 kg, sem eru fyrst og fremst ætluð til flutninga á þungum farmi — upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A3biii að undanskildum hópibifreiðum).
		Vöruflutningar á vegum, Mtkm		Fjöldi fluttra tonnkilómetra með léttum og þungum vörubifreiðum á vegum; einn tonnkilómetri samsvarar flutningi á einu tonni eftir vegi, lengra en einn kílómetra (heimild: hagskýrslur um flutninga). <i>Aths:</i> gögn um starfsemi skulu vera í samræmi við gögn um losun, ef unnt er.
2	IÐNAÐUR A1.1	Heildar-koltvísyringsstig — járn- og stáliðnaður, t/milljónir evra	Heildarlosun koltvísyrings frá járn og stáli, kt.	Losun koltvísyrings frá bruna jarðefnaeldsneytis við framleiðslu á járn og stáli, þ.m.t. bruna til að framleiða raforku og varma (upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A2a), frá framleiðsluferli járn og stáls (upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 2C1) og frá framleiðsluferli járnblendis (upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 2C2).
			Vergt vinnsluvirði — járn- og stáliðnaður, milljarðar evra (EB95)	Vergt vinnsluvirði á föstu verðlagi 1995 við framleiðslu járn og stáls og járnblendis (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 27.1), róra-framleiðslu (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 27.2), aðra frumvinnslu á járn og stáli (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 27.3), járnsteypu (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 27.51) og stálsteypu (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 27.52) (heimild: þjóðhagsreikningar).
3	IÐNAÐUR A1.2	Orkutengt koltvísyringsstig — efnaiðnaður, t/milljónir evra	Orkutengd losun koltvísyrings frá efnaiðnaði, kt.	Losun koltvísyrings frá bruna jarðefnaeldsneytis við framleiðslu á iðefnum og iðefnavörum, þ.m.t. bruna við framleiðslu á raforku og varma (upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A2c).
			Vergt vinnsluvirði í efnaiðnaði, milljarðar evra (EB95)	Vergt vinnsluvirði á föstu verðlagi 1995 við framleiðslu á iðefnum og iðefnavörum (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 24) (heimild: þjóðhagsreikningar).
4	IÐNAÐUR A1.3	Orkutengt koltvísyringsstig — gler-, leirvöru- og byggingarefnis-iðnaður, t/milljónir evra	Orkutengd losun koltvísyrings, gler-, leirvöru- og byggingarefni, kt.	Losun koltvísyrings frá bruna eldsneytis við framleiðslu á vörum úr steinefnum án málma (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 26), þ.m.t. bruna við framleiðslu á raforku og varma.
			Vergt vinnsluvirði — gler-, leirvöru- og byggingarefnis-iðnaður, milljarðar evra (EB95)	Vergt vinnsluvirði á föstu verðlagi 1995 við framleiðslu á vörum úr steinefnum án málma (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 26) (heimild: þjóðhagsreikningar).
5	IÐNAÐUR C0.1	Sértæk losun koltvísyrings frá járn- og stáliðnaði, t/t	Heildarlosun koltvísyrings frá járn og stáli, kt.	Losun koltvísyrings frá bruna jarðefnaeldsneytis við framleiðslu á járn og stáli, þ.m.t. bruna til að framleiða raforku og varma (upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A2a), frá framleiðsluferli járn og stáls (upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 2C1) og frá framleiðsluferli járnblendis (upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 2C2).
			Framleiðsla á súrefnisstáli, kt.	Framleiðsla á súrefnisstáli (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 27) (heimild: hagskýrslur um framleiðslu).
6	IÐNAÐUR C0.2	Sértæk orkutengd losun koltvísyrings frá sements-iðnaðinum, t/t	Orkutengd losun koltvísyrings frá gler-, leirvöru- og byggingarefni, kt.	Losun koltvísyrings frá bruna eldsneytis við framleiðslu á vörum úr steinefnum án málma (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 26), þ.m.t. bruna við framleiðslu á raforku og varma.
			Sementsframleiðsla,	Sementsframleiðsla (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 26)

Nr.	Nafnakerfi í orkunýtnivísun Hagstofu Evrópusambandsins	Vísir	Teljari/nefnari	Leiðbeiningar/skilgreiningar (¹)
			kt.	(heimild: hagskýrslur um framleiðslu).

(¹) Aðildarríkin skulu tilgreina teljara og nefnara ef þeir koma ekki fram í staðlaða skýrslusniðinu.

(²) Aðildarríkin skulu fylgja þessum leiðbeiningum. Ef þau geta ekki fylgt þessum leiðbeiningum nákvæmlega eða ef nefnari og teljari samrýmast ekki fullkomlega skulu aðildarríkin tilgreina það með skýrum hætti.

Tafla 3: skrá yfir viðbótarvísa

Nr.	Nafnakerfi í orkunýtnivísun Hagstofu Evrópusambandsins	Vísir	Teljari/nefnari	Leiðbeiningar/skilgreiningar
1	FLUTNINGAR B0	Sértæk dísilolütengd losun koltvísyrings frá fólksbifreiðum, g/100 km	Losun koltvísyrings frá fólksbifreiðum sem ganga fyrir dísilolíu, kt.	Losun koltvísyrings frá bruna dísilolíu fyrir alla flutningastarfsemi með fólksbifreiðum (bifreiðar sem eru fyrst og fremst ætlaðar til flutninga á fólki og rúma 12 manns eða færri; málgildi heildarþyngdar ökutækis er 3.900 kg eða minna — upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A3bi, einungis dísilolía).
			Fjöldi kílómetra fyrir fólksbifreiðar sem ganga fyrir dísilolíu, milljón km	Fjöldi ökutækjakílómetra fyrir fólksbifreiðar samtals, sem ganga fyrir dísilolíu, sem hafa leyfi til að nota vegi sem eru opinir almenningi (heimild: hagskýrslur um flutninga).
2	FLUTNINGAR B0	Sértæk bensíntengd losun koltvísyrings frá fólksbifreiðum, g/100 km	Losun koltvísyrings frá fólksbifreiðum sem ganga fyrir bensíni, kt.	Losun koltvísyrings frá bruna bensíns fyrir alla flutningastarfsemi með fólksbifreiðum (bifreiðar sem eru fyrst og fremst ætlaðar til flutninga á fólki og rúma 12 manns eða færri; málgildi heildarþyngdar ökutækis er 3.900 kg eða minna — upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A3bi, einungis bensín).
			Fjöldi kílómetra fyrir fólksbifreiðar sem ganga fyrir bensíni, milljón km	Fjöldi ökutækjakílómetra fyrir fólksbifreiðar samtals, sem ganga fyrir bensíni, sem hafa leyfi til að nota vegi sem eru opinir almenningi (heimild: hagskýrslur um flutninga).
3	FLUTNINGAR C0	Sértæk losun koltvísyrings frá fólksbifreiðum, t/pkm	Losun koltvísyrings frá fólksbifreiðum, kt.	Losun koltvísyrings frá bruna jarðefnaeldsneytis fyrir alla flutningastarfsemi með fólksbifreiðum (bifreiðar sem eru fyrst og fremst ætlaðar til flutninga á fólki og rúma 12 manns eða færri; málgildi heildarþyngdar ökutækis er 3.900 kg eða minna — upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A3bi).
			Farþegaflutningar í ökutækjum, Mpkm	Fjöldi farþegakílómetra sem eknir eru í fólksbifreiðum; einn farþegakílómetri er flutningur á einum farþega eins kílómetra leið (heimild: hagskýrslur um flutninga). <i>Aths:</i> gögn um starfsemi skulu vera í samræmi við gögn um losun, ef unnt er.
4	FLUTNINGAR E1	Sértæk losun frá flutningum í lofti, t/farþegi	Losun koltvísyrings frá innanlandsflutningum í lofti, kt.	Losun koltvísyrings frá innanlandsflutningum í lofti (flutningaflug, einkaflug, landbúnaðarflug, o.s.frv.), þ.m.t. flugtak og lendingar (upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A3aii). Undanskilin er notkun eldsneytis á flugvöllum vegna flutninga á jörðu niðri. Einnig er undanskilið eldsneyti fyrir kyrrstaðan bruna á flugvöllum.
			Flugfarþegar innanlands, milljón	Fjöldi einstaklinga, að undanskildum flugáhöfn og þjónustuahöfn sem eru á vakt, sem ferðast í lofti (einungis innanlandsflug) (heimild: hagskýrslur um flutninga). <i>Aths:</i> gögn um starfsemi skulu vera í samræmi við gögn um losun, ef unnt er.
5	IDNADUR A1.4	Orkutengt koltvísyringsstig — matvæla-, drykkjarvöru- og tóbaksíðnaður, t/milljónir evra	Orkutengt losun koltvísyrings frá matvælaíðnaði, kt.	Losun koltvísyrings frá bruna jarðefnaeldsneytis við framleiðslu á matvælum og drykkjarvörum og tóbaksvörum, þ.m.t. bruna vegna framleiðslu á raforku og varma (upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A2e).
			Vergt vinnsluvirði — matvæla-, drykkjarvöru- og tóbaksíðnaður, milljónir evra (EB95)	Vergt vinnsluvirði á föstu verðlagi 1995 við framleiðslu á matvælum og drykkjarvöru (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 15) og (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 16) (heimild: þjóðhagsreikningar).
6	IDNADUR A1.5	Orkutengt koltvísyringsstig — pappirs- og prentiðnaður, t/milljónir evra	Orkutengt losun koltvísyrings frá pappirs- og prentiðnaði, kt.	Losun koltvísyrings frá bruna jarðefnaeldsneytis við framleiðslu á pappirsdeigi, pappír og pappirsvöru og í útgáfustarfsemi, prentiðnaði og fjölföldun upptekins efnis, þ.m.t. losun frá bruna við framleiðslu á raforku og varma (upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A2d).
			Vergt vinnsluvirði —	Vergt vinnsluvirði á föstu verðlagi 1995 við framleiðslu á pappirsdeigi,

Nr.	Nafnakerfi í orkunýtnivísium Hagstofu Evrópusambandsins	Vísir	Teljari/nefnari	Leiðbeiningar/skilgreiningar
			pappirs- og prentiðnaður, milljónir evra (EB95)	pappír og pappírsvöru (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 21) og í útgáfustarfsemi, prentiðnaði og fjölföldun upptekins efnis (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 22) (heimild: þjóðhagsreikningar).
7	HEIMILI A0	Sértæk losun koltvísyrings frá heimilum til hitunar á rýmum, t/m ²	Losun koltvísyrings til hitunar á rýmum á heimilum, kt. Yfirborðsflötur íbúðarhúsnæðis í notkun allt árið, milljón m ²	Losun koltvísyrings frá bruna eldsneytis til hitunar á rýmum á heimilum. Heildaryfirborðsflötur íbúðarhúsnæðis í notkun allt árið.
8	ÞJÓNUSTA B0	Sértæk losun koltvísyrings til hitunar á rýmum í viðskipta- og haggeiranum, kg/m ²	Losun koltvísyrings til hitunar á rýmum í viðskipta- og haggeiranum, kt. Yfirborðsflötur þjónustubygginga, milljón m ²	Losun koltvísyrings frá bruna jarðefnaeldsneytis til hitunar á rýmum í viðskipta- og stofnanahúsnæði í opinbera geiranum og einkageiranum. Heildaryfirborðsflötur þjónustubygginga (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 41, 50, 51, 52, 55, 63, 64, 65, 66, 67, 70, 71, 72, 73, 74, 75, 80, 85, 90, 91, 92, 93, 99).
9	UMBREYTING D0	Sértæk losun koltvísyrings frá almenningsorkuverum, t/TJ	Losun koltvísyrings frá varmaorkuverum til almenningsnota, kt. Öll framleiðsla varmaorkuvera til almenningsnota, PJ	Losun koltvísyrings frá öllum bruna jarðefnaeldsneytis vegna vergrar raforku- og varmaframleiðslu varmaorkuvera til almenningsnota og samþættra varma- og raforkuvinnsluvara (upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A1ai og 1A1aii). Losun frá orkuverum sem framleiða eingöngu varma er ekki talin með. Verg raforkuframleiðsla og allur varmi sem er seldur þriðja aðila (samþætt varma- og raforkuver — CHP) frá varmaorkuverum til almenningsnota og samþættum varma- og raforkuvinnsluverum. Framleiðsla frá orkuverum sem framleiða eingöngu varma er ekki talin með. Aðalstarfsemi varmavara til almenningsnota er að framleiða raforku (og varma) til sölu til þriðja aðila. Þau geta verið í einka- eða almenningsseign. Verg raforkuframleiðsla er mæld við úttak aðalspennubreyta, þ.e. notkun raforku í aukabúnaði versins og í spennubreytum þess er talin með (heimild: orkujöfnuður).
10	UMBREYTING E0	Sértæk losun koltvísyrings frá orkuverum þeirra sem framleiða til eigin nota, t/TJ	Losun koltvísyrings frá þeim sem framleiða til eigin nota, kt. Öll framleiðsla varmaorkuvera til eigin nota, PJ	Losun koltvísyrings frá öllum bruna jarðefnaeldsneytis vegna vergrar raforku- og varmaframleiðslu varmaorkuvera til eigin nota og samþættra varma- og raforkuvinnsluvara. Verg raforkuframleiðsla og allur varmi sem er seldur þriðja aðila (samþættur varmi og raforka — CHP) frá varmaorkuverum til eigin nota og samþættum varma- og raforkuvinnsluverum. Starfsemi varmaorkuvera sem framleiða til eigin nota er að framleiða raforku (og varma), að öllu leyti eða að hluta til eigin notkunar sem styður við aðalstarfsemi þeirra. Verg raforkuframleiðsla er mæld við úttak aðalspennubreyta, þ.e. notkun raforku í aukabúnaði versins og í spennubreytum þess er talin með (heimild: orkujöfnuður).
11	UMBREYTING	Koltvísyringsstig í heildarorkuframleiðslu, t/TJ	Losun koltvísyrings frá hefðbundinni orkuframleiðslu, kt. Öll framleiðsla orkuvera til almenningsnota og eigin nota, PJ	Losun koltvísyrings frá öllum bruna jarðefnaeldsneytis vegna vergrar raforku- og varmaframleiðslu varmaorkuvera til almenningsnota og samþættra varma- og raforkuvinnsluvara og varmaorkuvera sem framleiða til eigin nota og samþættra varma- og raforkuvera. Losun frá orkuverum sem framleiða eingöngu varma er ekki talin með. Verg raforkuframleiðsla og allur varmi sem er seldur þriðja aðila (samþættur varmi og raforka — CHP) frá orkuverum til almenningsnota og eigin nota og samþættum varma- og raforkuvinnsluverum. Þar með talin rafmagnsframleiðsla frá endurnýjanlegum orkujöfum og kjarnorku (heimild: orkujöfnuður).
12	FLUTNINGAR	Koltvísyringsstig í flutningum, t/TJ	Losun koltvísyrings frá flutningum, kt. Samtala endanlegrar orkunotkunar frá flutningum, PJ	Losun koltvísyrings frá jarðefnaeldsneyti í allri flutningastarfsemi (upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A3). Inniheldur samtölu endanlegrar orkunotkunar í flutningum frá öllum orkujöfum (þ.m.t. lífmassi og raforkunotkun) (uppspretta: orkujöfnuður).
13	ÍÐNAÐUR C0.3	Sértæk orkutengd losun koltvísyrings frá pappírs- og prentiðnaðinum, t/t	Orkutengd losun koltvísyrings frá pappírs- og prentiðnaði, kt. Efnislegar afurðir pappírs, kt.	Losun koltvísyrings frá bruna jarðefnaeldsneytis við framleiðslu á pappírsdeigi, pappír og pappírsvöru og í útgáfustarfsemi, prentiðnaði og fjölföldun upptekins efnis, þ.m.t. losun frá bruna við framleiðslu á raforku og varma (upptakaflokkur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar 1A2d). Efnislegar afurðir pappírs (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 21) (heimild: hagskýrslur um framleiðslu).
14	ÍÐNAÐUR	Losun koltvísyrings frá iðnaðargeiranum, kt.		Losun frá bruna jarðefnaeldsneytis í framleiðslu iðnaði, byggingarstarfsemi, námugrefti og grjótnámi (að undanskildum kolanámum og olíu- og jarðgasvinnslu), þ.m.t. bruna til að framleiða raforku og varma (upptakaflokkur milliríkjanefndar um

Nr.	Nafnakerfi í orkunýtnivísium Hagstofu Evrópusambandsins	Vísir	Teljari/nefnari	Leiðbeiningar/skilgreiningar
				loftslagsbreytingar 1A2). Orka sem er notuð til flutninga í iðnaði skal ekki talin með hér heldur í vísium um flutninga. Losun frá vélum utan vega og færanlegum vélum í iðnaði skal talin með í þessum geira.
		Samtala endanlegrar orkunotkunar frá iðnaði, PJ		Inniheldur samtölu endanlegrar orkunotkunar í iðnaði frá öllum orkugjöfum (þ.m.t. lífmassi og raforkunotkun) (uppspretta: orkugjöfnum).
15	HEIMILI	Losun koltvísyrings frá heimilum, kt.		Losun koltvísyrings frá bruna jarðefnaeldsneytis á heimilum (upptakaflokkur millirikjanevndar um loftslagsbreytingar 1A4b).
		Samtala endanlegrar orkunotkunar frá heimilum, PJ		Inniheldur samtölu endanlegrar orkunotkunar heimila frá öllum orkugjöfum (þ.m.t. lífmassi og raforkunotkun) (uppspretta: orkugjöfnum).

IV. VIÐAUKI
SAMSVÖRUNARTAFLA

Ákvörðun nr. 280/2004/EB	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 4. gr.
2. mgr. 2. gr.	—
3. mgr. 2. gr.	3. mgr. 4. gr.
1. mgr. 3. gr.	1. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 7. gr.
2. mgr. 3. gr.	1. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 14. gr.
3. mgr. 3. gr.	3. mgr. 12. gr.
1. mgr. 4. gr.	6. gr.
2. mgr. 4. gr.	—
3. mgr. 4. gr.	24. gr.
4. mgr. 4. gr.	1. mgr. 5. gr.
1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 21. gr.
2. mgr. 5. gr.	3. mgr. 21. gr.
3. mgr. 5. gr.	—
4. mgr. 5. gr.	—
5. mgr. 5. gr.	22. gr.
6. mgr. 5. gr.	—
7. mgr. 5. gr.	24. gr.
1. mgr. 6. gr.	1. mgr. 10. gr.
2. mgr. 6. gr.	3. mgr. 10. gr.
1. mgr. 7. gr.	—
2. mgr. 7. gr.	1. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 11. gr.
3. mgr. 7. gr.	—
1. mgr. 8. gr.	23. gr.
2. mgr. 8. gr.	4. mgr. 7. gr.
3. mgr. 8. gr.	—
1. mgr. 9. gr.	26. gr.
2. mgr. 9. gr.	—
3. mgr. 9. gr.	—
10. gr.	—
11. gr.	28. gr.
12. gr.	29. gr.

Yfirlýsingar framkvæmdastjórnarinnar

„Framkvæmdastjórnin veitir því athygli að 10. gr. í upphaflegri tillögu hennar hefur verið felld brott. Til að auka gæði gagna og gagnsæi í tengslum við losun koltvísýrings og aðrar upplýsingar sem varða loftslag í tengslum við sjóflutninga samþykkir framkvæmdastjórnin þó að fjalla í staðinn um þetta málefni sem hluta af komandi framtaksverkefni sínu um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun frá siglingum sem framkvæmdastjórnin tekst á hendur að samþykkja á fyrri hluta ársins 2013. Framkvæmdastjórnin ætlar sér að leggja fram tillögu að breytingu á þessari reglugerð í þessu samhengi.

Framkvæmdastjórnin veitir því athygli að viðbótarreglna, sem varða að koma á, viðhalda og breyta kerfi Sambandsins um stefnur, ráðstafanir og spár sem og að taka saman bráðabirgðaskrár yfir gróðurhúsalofttegundir, kann að verða krafist til að tryggja að framkvæmd þessarar reglugerðar sé rétt. Frá og með ársbyrjun 2013 mun framkvæmdastjórnin kanna málið í nánú samstarfi með aðildarríkjunum og mun, ef við á, leggja fram tillögu um að breyta reglugerðinni.“

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2017